

ÁRSSKÝRSLA HOFSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2020-2021



GARÐABÆ JÚNÍ 2021

ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

Ritstjórar: Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir
skólastjórar

HOFSSSTAÐASKÓLI

SKÓLABRAUT 210 GARÐABÆ

S:590 8100

hskoli@hofsstadaskoli.is

www.hofsstadasskoli.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
1. Hagnýtar upplýsingar.....	6
<i>Stjórnendur</i>	6
<i>Starfsmenn</i>	7
<i>Húsnæði</i>	9
<i>Skóladagatal</i>	9
<i>Skóladagur nemenda</i>	10
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	10
<i>Skólaráð</i>	11
<i>Foreldrafélag Hofsstaðaskóla</i>	11
2. Áherslur í skólastarfi.....	12
<i>Starfsþróun</i>	12
<i>Þróunarverkefni</i>	12
<i>Mat á skólastarfi – sjálfsmat</i>	13
<i>Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla 2020-2021</i>	13
<i>Kórónaveirufaraldurinn, framkvæmd skólahalds</i>	19
<i>Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku</i>	20
<i>HS-leikar</i>	20
<i>Vettvangsferðir</i>	21
<i>Samræmd könnunarpróf</i>	24
<i>Vinaliðaverkefni í Hofsstaðaskóla</i>	29
3. Ýmsar skýrslur	30
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	30
<i>Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu</i>	31
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	38
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	40
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	43
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	46
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	49
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	51
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	53
<i>Danska</i>	56
<i>Skólabókasafn</i>	58
<i>Smiðjur og hringekjur</i>	61

Heimilisfræði	62
Myndmennt	65
Smíði og nýsköpun	69
Textílmennt	71
Tónmennt	75
Íþróttir	77
Sund	79
Náms- og starfsráðgjöf	82
4. Frístundaheimili	85

INNGANGUR

Í ársskýrslunni, er gerð grein fyrir helstu atriðum skólastarfsins skólaárið 2020-2021. Allir kennarar og starfsfólk skólans koma að gerð skýrslunnar með lýsingu á þeim störfum sem þeir hafa innt af hendi á skólaárinu. Skýrslan endurspeglar það fjölbreytta starf sem fer fram í Hofsstaðaskóla. Fjallað er um daglegt starf auk sem koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur mætti fara með það að leiðarljósi að þróa og bæta starfið.

Það sem einkenndi skólastarfið var vinna við áframhaldandi innleiðingu á hæfnivíðmiðum aðalnámskrár og ný birtingarmynd námsmats á sérstöku Hæfnikorti nemenda í Mentor. Á skólaárinu hafði Kórónaveirufaraldurinn, Covid-19 víðtæk áhrif og er gerð grein fyrir þeim í sérstökum kafla. Af þeim sökum var m.a. dregið úr vinnu við þróunarverkefni eins og *Uppeldi til ábyrgðar, vaxandi hugarfarar og leiðbeinandi kennsluhætti* en áfram unnið í þeim anda.

Undir vorið fór fram ytra mat í Hofsstaðaskóla af hálfu Menntamálastofnunar. Ytra matið unnu þær Hanna Hjartardóttir og Gunnhildur Harðardóttir. Áherslan var á fjóra þætti þar af voru þrír af þeim fyrir fram ákveðnir þ.e. *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skólans var fjórði þátturinn *notkun upplýsingatækni í skólastarfi*. Skýrslu var skilað undir lok skólaársins og kynntu þær Hanna og Gunnhildur niðurstöðurnar fyrir öllum starfsmönnum, fulltrúum úr foreldrafélaginu og sviðsstjóra fræðslu og menningarsviðs Garðabæjar. Helstu niðurstöður birtast í sjálfsmatshlutanum í þessari skýrslu

Ársskýrslan skiptist í fjóra kafla, hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu frístundaheimilisins. Ljósmyndir úr starfi vetrarins birtast í ársskýrslunni sem gefa innsýn í þau fjölbreyttu viðfangsefni sem nemendur og starfsmenn fást við. Ársskýrslan er send sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og grunn- og tónlistarskólafulltrúa auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Hofsstaðaskóli hóf 43. starfsárið sitt haustið 2020. Skólasetning var mánudaginn 24. ágúst í sal skólans Hafdís Bára skólastjóri og Margrét aðstoðarskólastjóri ræddu m.a. við nemendur um skólabrag og mikilvægi lesturs. Vegna Kórónaveirufaraldursins var foreldum ekki boðið og voru því eingöngu nemendur og starfsmenn viðstaddir. Nemendur við skólann voru í upphafi skólaárs 572 og starfsmenn um 100. Nokkrar breytingar hafa orðið á nemendahópnum yfir skólaárið, nokkrir hafa hætt og aðrir bæst í hópinn. Áætlað er að nemendum fækki næsta skólaár og að þeir verði um 540 haustið 2021.

Vefsíða skólans er virk og lifandi og þar er að finna margvíslegar fréttir úr skólastarfinu. Þar eru einnig fjölbreyttar upplýsingar um skipulag, nám og kennslu, stuðning við nemendur og hagnýtar upplýsingar. Fyrir þá sem vilja fræðast frekar um skólann er bent á: <http://www.hofsstadaskoli.is/>

Hofsstaðaskóla í júní 2021

Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir

1. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

STJÓRNENDUR

Skólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Margrét Einarsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk): Margrét Erla Björnsdóttir

Deildarstjóri stoðþjónustu: Bergljót Vilhjálmisdóttir

Skólaritari: H. Linda Stefánsdóttir

Húsvörður: Birgir Ottósson

Umsjónarmaður frístundaheimilis: Breki Dagsson/Vala Ósk Ásbjörnsdóttir



STARFSMENN

Við skólann störfuðu alls 102 starfsmenn, 49 kennarar, fimm stjórnendur, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmaður frístundaheimilis í 100% starfi og aðstoðarmaður hans í 80%. Námsráðgjafi í 100% starfi. Bókasafnsfræðingur í 100% starfi. Skólaliðar voru sex og stuðningsfulltrúar 13. Í frístundaheimilinu Regnboganum störfuðu alls 15 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli allt frá tímavinnu upp í 50% starf auk stuðningsfulltrúa sem voru með börnunum eftir að skóla lauk. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls störfuðu 15 karlar við skólann, þar af átta í tómstundaheimilinu. Tveir kennarar og tveir leiðbeinendur sinntu forfallakennslu í vetur og einn stundakennari kenndi forritun. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>.



Leyfi og starfslok

Þrír voru í fæðingarorlofi á skólaárinu. Kennari frá lokum desember fram í janúar, umsjónarmaður frístundaheimilisins frá október og fram í lok maí og stuðningsfulltrúi allt skólaárið. Einn kennari var í veikindaleyfi allt skólaárið. Tveir kennarar voru í launalausuleyfi og annar þeirra sagði upp stöðu sinni í lok skólaársins. Einn kennari lét af störfum um áramót og þrír kennarar létu af störfum í lok skólaárs. Einn kennari var í námsleyfi í vetur. Nokkrir starfsmenn unnu í frístundaheimilinu um lengri eða skemmri tíma. Stjórnendur og starfsmenn þakka vel unnin störf og góð kynni.

NEMENDUR

Skólaárið 2020-2021 eru í skólanum 576 nemendur, 304 drengir og 272 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og er misjafnt hvort þeir eru eins allan veturinn eða ekki. Hér fyrir aftan má sjá skiptingu nemenda á milli árganga og hópa.

Bekkur	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. HBG	11	8	19
1. JES	12	7	19
1. SS	11	8	19
1. SB	10	8	18
2. BSt	14	9	23
2. EMK	15	9	24
2. HLE	15	9	24
3. AH	9	8	17
3. ÁS	8	10	18
3. BSv	10	9	19
3. HH	11	9	20
4. EB	14	9	23
4. LBE	14	8	22
4. RJ	11	10	21
4. SH	13	9	22
5. EIH	6	13	19
5. HBS	10	10	20
5. JBI	8	12	20
5. ÖM	10	10	20
6. SGE	12	12	24
6. GHS	12	10	22
6. GSP	11	11	22
6. ÓP	14	9	23
7. AS	11	14	25
7. Ap	7	18	25
7. HK	13	11	24
7. LH	12	12	24
Samtals 11.05.2021	Drengir 304	Stúlkur 272	ALLS 576

HÚSNÆÐI

Skólahúsnæðið er fullnýtt og ekki rými fyrir fleiri bekkjardeildir. Fagstofa í náttúrufræði er notuð sem bekkjarstofa. Kennt hefur verið á bókasafninu, í fyrrverandi aðstöðu námsráðgjafa og í fundarherbergi auk þess sem öll smærri rými eru notuð í vinnu með nemendum. Námsráðgjafi færði sig um set og á skrifstofugang þar sem rýma þurfti fyrir kennslu. Tónlistarskólinn í Garðabæ hefur til umráða þrjú kennslurými í skólanum.

Farið var í endurbætur utanhúss á norðurhlið hússins þar sem gluggar leka þegar rignir. Mála þarf allt húsið að utan. Skipt var um glugga í kennsluhúsi á lóðinni og skipt um gólfefni í anddyrum, stjórnþæki í salnum voru endurnýjuð. Stiga vantar enn á tæknisvalir í samkomusalnum og er biðin eftir honum orðin heldur löng. Sumarið 2021 verður áhersla lögð á viðgerð á norðurhliðinni, bóna gólf, auk smærri viðhaldsverkefna. Úttekt var gerð á skólalóð í vor og bent á fjölmargt sem þarf að laga.

Umferðarmál við skólann eru enn erfið og mikið álag. Þess er beðið að bæjaryfirvöld fari í að skoða úrbætur af alvöru. Skýra þarf betur akstursstefnur og færa bifreiðastæði til. Nemendur og starfsmenn eru jafnan hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann og þarf að huga betur að göngu- og hjólastígum næst skólanum. Allt of margir foreldrar aka börnum sínum til og frá skóla og er sú umferð öll á sama tíma.

SKÓLADAGATAL

Starfsemi skólans var að mestu í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2020-2021 Covid-19 spilaði þar inn í. Grunnur var unnin í samstarfi leik- og grunnskóla og er skóladagatalið samræmt þeirra á milli. Dagatal skólans var lagt fyrir skólaráð og samþykkt af skólanefnd grunnskóla. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Reglum samkvæmt eru skóladagar nemenda 180, þeir urðu 178 þar sem skóla var lokað í tvo daga af almannavörnum. Kennsludagar nemenda voru 173 og skertir dagar alls fimm. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Skólasetningardagur, tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar, jólaskemmtun og skólaslitadagur.

Skólasetning var 24. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst. Kennsla féll niður í jólaeyfi nemenda sem var frá 19. desember til og með 3. janúar. Vetrarleyfi var frá 22. til 26. febrúar og páskaeyfi frá 29. mars til 6. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga á skólaárinu. Allt skólahald féll niður tvo daga fyrir páskaeyfi 25. og 26. mars samkvæmt tilmælum frá almannavörnum. Skólaslit voru 9. júní.

SKÓLADAGUR NEMENDA

Skólastarf hófst kl. 8.30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 14.00 -14.30. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14.00 til 14.50/15.00.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8.00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1.-3. bekk var morgunstund frá kl. 8.15-8.30 og litu stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum á þeim tíma. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í frístundaheimilinu *Regnboganum*.

Nemendur fá 15 mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fara nemendur út í frímínútur. Hjá 1.-4. bekk voru frímínútur kl. 9.50-10.10 og kl. 12.10-12.40. Hjá 5.-7. bekk voru frímínútur kl. 10.30-10.50 og kl. 12.50-13.10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu. Hluti af þessu skipulagi skóladagsins breyttist vegna Covid-19, sjá kaflann um Kórónaveirufaraldurinn.



SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Samskipti heimila og skóla hefur aukist mjög á undanförunum árum og fara að miklu leyti fram í tölvupósti. Fjölskylduvefurinn *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Kennarar skrá í dagbók nemenda og birta foreldrum ef eitthvað er sem þarf að athuga eða hrósa fyrir. Vefsíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með vefsíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni. Haustfundir með foreldrum voru haldnir í september. Þar eru áherslur í starfinu kynntar og kosnir

bekkjarfulltrúar auk þess sem foreldrar fá tækifæri til þess að hitta kennara og aðra forráðamenn.

Foreldrar áttu ásamt barni sínu viðtalstíma við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn. Fyrri viðtalið var í gegnum síma en seinna viðtalið var fjarfundur og var vegna Covid-19 í undantekingartilfellum boðið upp á fund í skólanum. Samskipti við foreldra voru í gegnum í síma, með tölvupósti eða með því að hittast en aðgangur foreldra að skólanum var mjög takmarkaður í vetur vegna Covid-19 og voru því flestir fundir haldnir með fjarfundabúnaði.

SKÓLARÁÐ

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008, í skólaráði 2020-2021 sátu: Hafdís Bára Kristmundsdóttir skólastjóri, Elín Vilhjálmsdóttir og Sindri Gústav B. Snævarsson í 7. bekk fulltrúar nemenda. Erlendur Funi Haraldsson og Helga Rakel Sigurðardóttir voru varafulltrúar nemenda. Helga Margrét Pálsdóttir og Heiða Birna Guðlaugsdóttir fulltrúar foreldra, Íris Dögg Guðjónsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir varamenn, Krístrún Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélags, og Guðbjörg S. Petersen og Hafrún Lilja Elíasdóttir fulltrúar kennara. Varamaður þeirra var Hrönn Kjærnested. Erla Guðmundsdóttir var fulltrúi annarra starfsmanna og varamaður hennar var Elín Dóra Sigurðardóttir. Aðstoðarskólastjóri situr fundina og ritar fundargerðir. Fráfarandi fulltrúum er hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skóla. Skólaráð hélt þrjá fundi á skólaárinu, auk þess að afgreiða mál í tölvupósti. Lesa má fundargerðir á: <http://hofsstadaskoli.is/skolinn/skolarad/>

FORELDRAFÉLAG HOFSTADASKÓLA

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2020-2021

- Heiða Birna Guðlaugsdóttir, formaður og gjaldkeri
- Helga Rún Helgadóttir, meðstjórnandi
- Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi
- Sigríður Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi, hluta ársins

Foreldrar stóðu fyrir bekkjarmyndatökum og efndu til netfyrirlesturs í apríl þar sem Alma Tryggvadóttir fræddi foreldra um netnotkun barna og helstu hættur sem mæta börnum á

samfélagsmiðlum. Árið litaðist að mestu af Covid-19 og þurfti því að fresta öllu sem tengist samkomum í vetur. Bekkjarfulltrúar voru ekki starfandi.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugri bekkjarstarfi. Foreldrar koma að félagslífi í samstarfi við kennara, á bekkjarkvöldum. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl. Því miður þá voru fáir möguleikar á að hittast í vetur vegna fjöldatakmarkana í Covid-19.

2. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

STARFSÞRÓUN

Skólinn fékk styrk að upphæð 200.000 krónur úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla* til að halda nokkur námskeið á skólaárinu. Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð ásamt fjármagni sem skóladeild fékk úthlutað og fjármagni úr fjárhagsáætlun. Ætlunin var að halda fleiri námskeið en vegna Covid-19 var það ekki hægt. Fagfólk og aðrir starfsmenn sátu eftirfarandi námskeið:

- Verum viðbúin skyndihjálparnámskeið
- Örnámskeið í upplýsingatækni
- Viðhorf, jákvæðni og hvatning
- Velferð barna í Garðabæ
- Góður svefn, undirstaða heilsu

Fagfólk sat auk þess námskeið að eigin vali, m.a.:

- Verkfærakistan KVAN
- Sundlaugabjörgun og skyndihjálp
- Persónuleg endurmenntun hvers og eins

ÞRÓUNARVERKEFNI

Eins og undanfarin ár geta kennarar grunnskóla Garðabæjar sótt um styrk í *Þróunarsjóð grunnskóla* Garðabæjar. Þróunarsjóðurinn hefur verið góð innspýting í að efla kennara og styðja við skólaþróun og nýbreytni.

Skólaárið 2020-2021 unnu kennarar í Hofsstaðaskóla að eftirtöldum verkefnum:

- Hittum í mark!- vaxandi hugarfar og markmiðssetning
- Lestrarlyklarnir
- Snúum okkur að íslenskunni frh.
- Vaxandi hugarfar
- Hæfnimiðað námsmat
- Uppeldi til ábyrgðar

Þróunarverkefni sem voru unnin í samstarfi grunnskóla Garðabæjar voru eftirtalin:

- Geðrækt og vellíðan
- Verkfærakistan – KVAN
- Láttu tæknina vinna með þér til framtíðar

Undanfarin ár hefur verið unnið að verkefni um Leiðbeinandi kennsluhætti og markmiðssetningu. Að einhverju leiti var unnið með Vaxandi hugarfar og Uppeldi til ábyrgðar á þessu skólaári, áherslan var þó að mestu á námsmat. Grunnþættir eins og bekkjarsáttmáli, *Mitt og þitt* hlutverk var þó unnið í flest öllum árgöngum og unnið í anda stefnunnar. Allir þessir þættir munu móta skólastarf á næstu árum.



MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um sjálfsmat Hofsstaðaskóla. Að öðru leyti er vísað í vefsíðu skólans en umfjöllun um stefnumörkun, sjálfsmat og kannanir er að finna undir flípanum *Skólinn*. Að þessu sinni er birt sjálfsmatsskýrsla 2020 og 2021 með þeim takmörkunum sem Kórónaveirufaraldurinn setti okkur. Einnig er stuttlega gerð grein fyrir ytra mati.

SJÁLFSMATSSKÝRSLA HOFSTAÐASKÓLA 2020-2021

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2020-2021 byggir á *Skólapúlsinum*. *Skólapúlsinn* er lagður fyrir hagsmunaaðila skólans að tilhlutan skóladeildar. Skóladeild leggur könnun *Skólapúlsins* fyrir starfsmenn og foreldra annað hvort ár og nemendur á

hverju ári. Árið 2021 var könnunin lögð fyrir foreldra og nemendur. Rannsókn og greining lagði fyrir nemendur í 5. til 7. bekk spurningar um hagi þeirra og líðan. Í apríl og maí var gert ytra mat á skólanum af hálfu Menntamálaráðuneytisins og voru niðurstöður kynntar á starfsmannafundi í júní.

Allar kannanir og samantektir sl. ára er að finna á heimasíðu skólans www.hofsstada-skoli.is.

Í 35. grein grunnskólalaga segir m.a. að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Eftirtaldar kannanir voru lagðar fyrir

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Tengslakönnun	Allir nemendur	október/janúar	Hofsstaðaskóli
Skólapúlsinn	Úrtak nemenda í 6. og 7. bekk	október/febrúar/apríl	Skólapúlsinn
Skólapúlsinn	Úrtak foreldra	apríl	Skólapúlsinn
Frammistöðumat/ Sjálfsmat	Allir nemendur og foreldrar	október	Hofsstaðaskóli
Ytra mat	Kennarar/stjórnendur	apríl/maí	Menntamálastofnun

Tengslakönnun er lögð fyrir af umsjónarkennara í samstarfi við námsráðgjafa. Námsráðgjafi vinnur úr könnuninni og kynnir umsjónarkennurum niðurstöður. Könnunin var skrifleg og spurningarnar aðlagðar aldri. Umsjónarkennari kynnir foreldrum í nemenda- og foreldrasamtölum félagslega stöðu einstakra nemenda ef þurfa þykir. Könnunin er lögð fyrir samkvæmt markmiðum skólans og skólastefnu Garðabæjar til að efla og fylgjast með félagslegri stöðu nemenda. Niðurstöður eru varðveittar hjá námsráðgjafa. Samkvæmt niðurstöðum úr könnun sem lögð var fyrir foreldra í nóvember/desember 2011 vilja foreldrar vera betur upplýstir um félagslega stöðu barna sinna og er þetta viðleitni í þá átt ásamt því að vinna með félagsfærni nemenda. Könnunin er lögð fyrir alla nemendur í október/nóvember og í þeim bekkjum sem þurfa þykir í janúar. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi vinna saman að því að efla félagsfærni nemenda.

Skólapulinn er vefkannanakerfi www.skolapulinn.is sem lagt er fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk þrisvar á ári. Spurningaflokkar eru þrír: Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Skólinn er um og yfir landsmeðaltali í flest öllum flokkum. Niðurstaðan gefur vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu.

Sjálfsmat eða frammistöðumat í mentor var lagt fyrir nemendur í 1. til 7. bekk í október fyrir nemenda og foreldrasamtöl. Markmiðið með því er að nemendur setjist niður með foreldrum sínum og svari spurningum um líðan og samskipti í skólanum. Auk þess áttu nemendur í 3.-7. bekk að setja sér námsmarkmið fyrir veturinn með foreldrum sínum. Umsjónarkennarar skoða sjálfsmatið fyrir nemenda- og foreldrasamtöl og ræða við nemendur og foreldra. Hér gefst tækifæri til þess að grípa strax inn í og gera áætlun um úrbætur ef þeirra gerist þörf.

Ytra mat Menntamálastofnunar. Í ytra matinu var áhersla á að skoða fjóra matsþætti þrír af þeim eru ákveðnir fyrirfram en sá fjórði notkun upplýsingatækni var ákveðinn af skólastjórnendum. Aðrir þættir voru stjórnun og faglega forysta, nám og kennsla og innra mat. Gagnaafnanir í ytra matinu voru viðtöl, vettvangsathuganir, kannanir og heimasíða skólans var einnig rýnd. Rýnihópar voru m.a. fulltrúar foreldra úr skólaráði, fulltrúar nemenda, kennarar, deildarstjórar og kennsluráðgjafi. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fóru í sitthvort viðtalið í úttektinni. Úttektaraðilar voru með innlit inn í 29 kennslustundir og gátu kennarar fengið endurgjöf á innlitið sem flest allir nýttu sér. Skýrslan var kynnt á starfsmannafundi í júní og strax í kjölfarið ræddu starfsmenn í litlum hópum um hvað þeir leggja til sem tækifæri til umbóta og hvernig vinna má úr niðurstöðunum. Í kjölfar skýrslunnar ber skólanum að gera umbótaáætlun sem tekur yfir þrjú ár og tímasetja úrbætur. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram.

Niðurstaða matsins skiptist í fjóra litþætti:

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Niðurstaða Hofstaðaskóla úr ytra mati Menntamálaráðuneytisins

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Innra mat varðandi líðan starfsmanna o.fl.

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	febrúar-mars	Stjórnendur

Skólastjóri á starfsmannasamtal við alla nýja starfsmenn í október. Stjórnendur skiptu með sér starfsmannasamtölum og tóku deildarstjórar þátt í þeim.

Starfspróunaráætlun var endurskoðuð og kynnt starfsmönnum, skólaráði og skóladeild Garðabæjar. Nokkur námskeið/fræðslufundir voru í boði en talsvert af því sem var skipulagt á skólaárinu féll niður vegna Covid-19.

Skólapúlsinn skólaárið 2020-2021

Skólapúlsinn er lagður fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk þrisvar á ári og fyrir úrtak foreldra annað hvort ár og fyrir alla starfsmenn hitt árið. Í ár var skólapúlsinn lagður fyrir nemendur og foreldra.

Niðurstöður þessara kannana eru greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara nemenda og foreldra í samanburði við nemendur og foreldra sem tóku þátt í Skólapúlsinum á landsvísu.

Nemendakönnun

Skólinn kom mjög vel út í öllum þáttum sem spurt var um. Upplifun og staða nemenda er sjaldan lægri/verri en gengur og gerist á landsvísu og mun sterkari í mörgum þáttum.

Marktækur munur er á viðhorfi nemenda Hofstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Ánægja af lestri
- Vellíðan
- Tíðni hreyfingar
- Sjálfsálit
- Trú á eigin námsgetu

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi nemenda Hofsstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapulsinum hvað varðar eftirfarandi þætti sem komu þó flest allir jákvætt út:

- Þrautseigja í námi
- Virkni í tímum
- Áhugi í náttúrugreinum
- Þrautseigja og trú á eigin námsgetu
- Einelti
- Virkni í kennslustundum
- Samsömun við nemendahópinn
- Samband nemenda við kennara
- Tíðni leiðsagnarmats
- Áhugi á náttúrufræði
-

Áhugi nemenda á náttúrufræði er áhyggjuefni og þarf að efla þann þátt. Það reyndist verulegur marktækur munur á tíðni hreyfingar nemenda miðað við landið nemendum Hofsstaðaskóla í hag.

Foreldrakönnun

Úrtak foreldra eða 80% tóku þátt í foreldrakönnun í mars sem gerir hana marktæka. Heildarniðurstöður úr könnuninni eru mjög jákvæðar.

Marktækur jákvæður munur er á:

- Ánægju með nám og kennslu
- Stjórnun skólans
- Agi telst hæfilegur
- Samskiptum heimilis og skóla
- Ánægju með aðstöðuna í skólanum
- Hraðri vinnslu eineltismála
- Ánægju með eineltisáætlun skólans
- Væntingum foreldra um háskólanám
- Hæfilegri heimavinna

Eftirtaldir þættir eru við viðmiðunarlínu

- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum
- Ánægja foreldra með samskipti við starfsfólk skólans
- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Ánægja með síðasta foreldrasamstarf
- Líðan nemenda í skólanum
- Líðan nemenda í kennslustundum
- Líðan nemenda í frímínútum
- Umfang eineltis í skólanum
- Ánægja foreldra með tómstundapjónustuna
- Frumkvæði kennnara að foreldrasamstarfi
- Upplýsingar sem foreldrar fá um stefnu skólans og námskrá
-

Eftirtaldir þættir eru undir viðmiðunarlínu

- Hlutfall nemenda í frístundaheimili
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur
- Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina
- Væntingar foreldra um iðnnám

Næstu skref

Það er sóknarfæri í að kynna frístundaheimilið fyrir foreldrum en þegar takmarkanir voru vegna Covid-19 þá þurfti að reka Regnbogann í kennslustofunum. Það hafði veruleg áhrif á þátttöku nemenda þar sem erfitt reyndist að halda úti fjölbreyttu starfi vegna takmarkaðs rýmis. Margri foreldrar unnu heima og þurftu þá síður að nýta frístundaheimilið. Alltaf má gera betur í að upplýsa foreldra og kynna starfið. Auka þarf þátttöku foreldra í skólastarfinu og aðkomu þeirra að ákvarðanatöku.



KÓRÓNAVEIRUFARALDURINN, FRAMKVÆMD SKÓLAHALDS

Kórónaveirufaraldurinn hafði veruleg áhrif á skólastarfsemina þetta skólaárið. Skóla var lokað af almannavörnum 25. og 26. mars, settur var skipulagsdag 2. nóvember til að skipuleggja skólahald næstu daga með frekari takmörkunum í Covid-19. Veruleg áhersla var lögð á þrif og sótthreinsun. Sérstök áhersla var lögð á matsalinn og skólastofurnar, settur var sótthreinsilögur á öll svæði í skólanum, þar með talin anddyri og rík áhersla var á handþvott. Dagleg kennsla var skert vegna Covid-19 í ellefu daga hjá 3. til 7. bekk, það var kennt í fimm stundir á dag frá 3. nóvember til 17. október. Á því tímabili var skólanum alveg hólfaskipt og var list- og verkgreinakennsla felld niður. Sundkennsla var jafnframt felld niður áfram og var engin sundkennsla í 30 daga. Nemendum sem misstu af sundkennslu bæði síðasta vor og í haust var boðið upp á aukatíma í vor. Miðað var við að skóladagur yngstu nemenda væri sem lengstur og að frístundaheimilið sinnti nemendum í fyrsta, öðrum og þriðja bekk en örfáir nemendur voru í fjórða bekk. Útivera bæði í skólanum og í frístundaheimilinu var jafnframt hólfuð niður þannig að nemendur hittust ekkert á milli hólfa yfir skóladaginn til að koma í veg fyrir smit. Sumir árgangar urðu því að vera í bekkjarstofum í frístundaheimilinu og hélst það frá því í október og allt þangað til í byrjun maí vegna fjöldatakmarkana.

Einu sinni þurfti hópur að fara í sóttkví vegna smits sem kom upp. Alls fóru um 150 nmendur og starfsmenn í vikutíma.

Frá 10. maí var skólahald aftur með nokkuð eðlilegum hætti en með talsverðri áherslu á hreinlæti og fjarlægð þar sem því var við komið. Skólinn var eingöngu opinn fyrir nemendur og starfsmenn skólans og verulegar takmarkanir voru á því að aðrir kæmu inn í skólann. Foreldrar voru ekki boðaðir við skólaslit vegna fjölda- og fjarlægðartakmarkana.

Skólastarf á þessum tíma gekk ótrúlega vel. Allir lögðust á eitt um að leysa það sem leysa þurfti. Álagði var samt mikið á alla og voru öll svæði nýtt m.a. var Regnboginn nýttur sem matsalur fyrir eldri jafnt sem yngri til að hægt væri að hólfaskipta og allir gætu nýtt sér mat frá skólamat. Einfaldara skipulag þar sem t.d. nemendur voru færri í frímínútum og matsal hentaði sumum nemendum vel. Starfsmönnum, nemendum og foreldrum er þakkað fyrir þolinmæði, skilning og lausnamiðaða hugsun á þessum sérstaka tíma.

FÆRNIMIÐAÐ NÁM Í STÆRÐFRÆÐI OG ENSKU

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum; í sex hópum í 5. og 7. bekk og sjö hópum í 6. bekk, hóparnir voru kenndir við kennarana sem kenna hverjum hópi. Fæstir nemendur voru í getuminnstu hópnum og flestir í getumestu. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum. Fimm hópum í hvorum árgangi.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofstaðaskóla (sjá skólanámskrá). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari hæfniviðmið og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og meiri aðlögun.

Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hópi við hæfi eða ættu að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum.

Námsmat

Stefna skólans er að námsmat byggji á þeim hæfniviðmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda ásamt því að hafa námsmat sem fjölbreytilegast.

Stærðfræði

Í 5. -7. bekk tóku allir bekkir sömu kannanir og próf að undanskildum örfáum nemendum sem voru með einstaklingsnámskrá eða aðlagð námsefni að hóp nemenda.

Enska

Námsmat í ensku var misjafnt eftir hópum. Að undanskildu ákveðnu samræmdu námsmati í öllum hópum sem lagt var fyrir um mitt skólaár og í lok skólaársins.

Námsárangur

Framfarir nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk gefa til kynna að færnimiðað nám sé jákvætt og bæti árangur og líðan nemenda. Sjá skýrslu um samræmd próf.

Margrét Erla Björnsdóttir deildastjóri eldri deilda

HS-LEIKAR

HS- leikar féllu niður þetta skólaár vegna Covid-19.

VETTVANGSFERÐIR

Samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og útfærslu þeirra í skólanámskrá Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er allajafna reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskrár og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Reynt er að nýta almenningsvagna eins og kostur er en það getur verið vandkvæðum bundið. Reglur þær er *Strætó* setur um ferðir nemenda geta valdið erfiðleikum t.d. þegar vagninn er orðinn fullur af nemendahópum úr Hafnarfirði þegar komið er í Garðabæ. Slíkt er frekar letjandi og getur valdið vandræðum að fá ekki far með vagninum þegar búið er að panta heimsókn á safn eða miða á sýningu. Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru í ár. Vettvangsferðum fækkaði verulega miðað við önnur ár vegna Covid-19.



Yfirlit vettvangsferða 2020-2021

1. – 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
September				Gróðursetning í Garðabæ
Nóvember	Ævar vísindamaður rafrænn viðburður	Ævar vísindamaður rafrænn viðburður	Ævar vísindamaður rafrænn viðburður	Ævar vísindamaður rafrænn viðburður
Desember	Leiksýning FG	Vasaljósaganga, kakó & kaka	Heimsókn í Tónlistarskólann	Heimsókn í Tónlistarskólann
Janúar	Jazztónleikar í Tónlistarskólanum			
Febrúar	Leiksýning FG			
Apríl			Hönnunarsafnið Leirlistasýning	
Maí	Hönnunarsafnið Bókasafn Garðabæjar	Óvissugönguferð- ísbíllinn	Ylströndin Sjálandi - hjólaferð	
Júní	Guðmundarlundur	Guðmundarlundur	Bjarteyjarsandur	Akranes

5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Útivera – ganga (Ásgarður)		Hjólaferð að Vífilsstaðavatni í tengslum við náttúrufræði.
Október	Hönnunarsafn Íslands Garðatorg (ull) Einungis tveir bekkir vegna Covid		Skólabúðirnar að Reykjum í Hrótafirði.
Nóvember	Vasaljósaganga	Hönnunarsafnið (6. GSP)	
Desember	Rafræn safnfræðsla – Árbæjarsafn – Jólin í gamla daga		Vasaljósaganga og grillaðir sykurpúðar.
Mars	Hönnunarsafnið á Leirsýninguna Deiglumór		
Apríl			
Mái	Barnamenningahátíð- Garðatorg - Dansparty Vettvangsferð í Víkingaþorpið Hafnarfjörð /Hellisgerði	Hjólaferð að Vífilsstaðavatni, gengið í kringum vatnið.	Barnamenningarhátíð: Bókasafn Garðabæjar (Gunnar Helgason).
Júní	Vorferð á Þingvelli Hjólaferð um nærumhverfi	Ferð í Reykholt. Kennarar sáu um fræðslu.	Vorferð í Hvalfjörðinn og Bjarneyjarsand. Hjólaferð í Nauthólsvík. Útilega í bæ (við FG).

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd könnunarpróf fóru fram 24. og 25. september í 7. bekk og 30. september og 1. október í 4. bekk. Prófað var rafrænt í íslensku og stærðfræði og gekk framkvæmd prófanna mjög vel.

Taflan sýnir normaldreifða einkunn í 4. og 7. bekk miðað við landið og Garðabæ. Báðir árgangar eru yfir meðaltali í íslensku og stærðfræði.

Normaldreifð einkunn á kvarðanum 0-60							
	Hofsstaðaskóli 2016	Hofsstaðaskóli 2017	Hofsstaðaskóli 2018	Hofsstaðaskóli 2019	Hofsstaðaskóli 2020	Landið	Garðabær
4. bekkur íslenska	33	32	32	31	32	30	31
4. bekkur stærðfræði	31	31	31	29	34	30	31
7. bekkur íslenska	35	35	34	34	34	30	32
7. bekkur stærðfræði	37	35	34	36	34	30	34

Í 4. bekk tóku 85 nemendur íslenskuprófið og 83 stærðfræðiprófið. Sextán nemendur fengu stuðningsúrræði í báðum greinum þ.e. viðbótar próftíma og aðgang að hljóðskrárm í upplestri. Tveir nemendur voru í sóttkví þegar stærðfræðiprófið var og gátu þ.a.l. ekki tekið prófið. Tveir nemendur fengu undanþágu frá báðum prófunum.


Í 7. bekk tóku 91 nemandi íslenskuprófið og 92 stærðfræðiprófið. Sautján nemendur fengu stuðningsúrræði í íslensku og stærðfræði þ.e. viðbótar próftíma og aðgang að hljóðskrárm í upplestri. Fjórir nemendur voru í sóttkví í íslenskuprófi en þrír í stærðfræðiprófi. Einn nemandi var í leyfi í báðum prófunum, einn veikur í stærðfræðiprófi og tveir í íslenskuprófi.

Við úrvinnslu er stuðst við grunnskólaeinkunn sem er normaldreifð og henni skipt upp í þrjá flokka af Menntamálastofnun þ.e. 0-24 sem skilgreind er sem *lág* einkunn sem um 25% nemenda á landsvísu eru með, 25-75 *meðal* sem eru um 50% nemenda og 76-99 *há* sem um 25% nemenda á landsvísu eru með. Einnig eru raðeinkunnir skoðaðar miðað við landið í báðum árgöngum. Einblínt er á raðeinkunn í íslensku og lesskilningi en í stærðfræði reikning og aðgerðir ásamt stærðfræði í heild sinni. Einnig eru niðurstöður flokkaðar eftir hæfnieinkunnahlutfalli þ.e. A, B+, B, o.s.frv. en það er í fyrsta skipti sem þær eru birtar þannig í 4. og 7. bekk.

4. bekkur niðurstöður

Þegar niðurstöður úr íslensku eru skoðaðar þá sýnir myndin að 63% nemenda fá meðal raðeinkunn í íslensku sem er töluvert meira en normaldreift meðaltal landsins. Einnig eru færri nemendur í skólanum með lága raðeinkunn miðað við landið, þar munar 13%. Þegar lesskilningur er skoðaður þá eru fleiri nemendur skólans með háa og meðal raðeinkunn miðað við landið, þar munar 5-6%.

Í stærðfræði eru fleiri nemendur skólans með háa raðeinkunn mv. landið eða 5%. Nemendur með lága raðeinkunn eru töluvert færri miðað við landið eða 14%. Niðurstöður Hofstaðaskóla í stærðfræði og íslensku koma töluvert betur út miðað við normaldreift viðmið landsins.





Hér fyrir neðan má sjá sömu niðurstöður og í töflunni fyrir ofan. Til viðbótar má sjá heildarfjölda nemenda sem tóku prófin og hve margir nemendur eru á bak við hverja prósentutölu.

Raðeinkunnir


Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	85	9	10,6%	54	63,5%	22	25,9%
	Lestur	85	11	12,9%	47	55,3%	27	31,8%
Stærðfræði	Heild	83	9	10,8%	48	57,8%	26	31,3%
	Reikningur og aðgerðir	83	10	12,1%	48	57,8%	25	30,1%

Meðfylgjandi myndir sýna hæfnieinkunnahlutfall skólans miðað við landið í stærðfræði og íslensku.



7. bekkur niðurstöður

Taflan fyrir neðan sýnir að nemendur Hofsstaðaskóla með raðeinkunn 25-75 er svipuð og aðeins lægra hlutfall nemenda en á landsvísu, fyrir utan lesskilning á íslenskuprófi. Nemendur með raðeinkunn 76-99 er mun hærra hlutfall en á landsvísu eða 38-42%, lesskilningur á íslenskuprófi er 30%. Nemendur með raðeinkunn 1-24 eru 11-16% en það er talsvert lægra hlutfall miðað við landið. Fleiri nemendur raðast með raðeinkunn 76-99 og færri með raðeinkunn 1-24 en á landsvísu í báðum greinum. Það má því segja að nemendur í 7. bekk standa sig í heild talsvert betur bæði í íslensku og stærðfræði en á landsvísu.





Hér fyrir neðan má sjá sömu niðurstöður og í töflunni fyrir ofan. Til viðbótar má sjá heildarfjölda nemenda sem þreyttu prófin og hve margir nemendur eru á bak við hverja prósentutölu.

Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	93	10	10,8%	44	47,3%	39	41,9%
	Lestur	93	14	15,1%	51	54,8%	28	30,1%
Stærðfræði	Heild	94	12	12,8%	46	48,9%	36	38,3%
	Reikningur og aðgerðir	94	15	16,0%	42	44,7%	37	39,4%

Meðfylgjandi myndir sýna hæfnieinkunnahlutfall skólans miðað við landið í íslensku og stærðfræði. Einnig má sjá fjölda nemenda á bak við hverja hæfnieinkunn. Á myndunum má sjá að mun hærra hlutfall nemenda raðast með hæfnieinkunn A, B+, og B en C+, C og D.



Viðbrögð við niðurstöðum

Farið var yfir niðurstöður með umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum. Niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Allir námsþættir skoðaðir og metið hvaða þættir komu vel út og hvaða þætti mætti styrkja. Niðurstöður voru notaðar til umbóta hjá einstaklingum, einstaka bekkjum og árgöngum í heild sinni. Helstu niðurstöður voru sendar til skóladeildar og kynntar á skólanefndarfundum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Margrét Erla Björnsdóttir
deildarstjórar

VINALIÐAVERKEFNI Í HOFSTAÐASKÓLA

Vilhelm Már Bjarnason íþróttakennari var yfirvinaliði í ár. Vinaliðaverkefnið er norskt að uppruna og hefur það á fáum árum náð mikilli útbreiðslu og er nú starfrækt í yfir 1000 skólum í Noregi. Hérlandis eru skólarnir orðnir 47 og þeim fjölga jafnt og þétt. Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólabrag.

Skólalóðin og frímínúturnar eru samkvæmt eineltisrannsóknunum, því miður, helsti vettvangurinn fyrir einelti. Vinaliðaverkefnið er ekki eineltisáætlun heldur stuðningsverkefni við eineltisáætlun skólans og er hugmyndafræðin sú að þar sem boðið er upp á skipulagt starf, fái gerendur eineltis aðra hluti til að hugsa um. Aðgerðarleysi er nefnilega oft rótin að slæmum hlutum.



Framkvæmd: Nemendur í 4. til 6. bekk tilnefna einstaklinga úr sínum bekk sem þeir telja best til þess fallna að starfa sem Vinaliðar. Verkefnastjórar velja svo Vinaliða í verkefnið út frá þeim tilnefningum sem koma. Vinaliðar hafa umsjón með að koma leikjum og afþreyingu í gang og taka til eftir leikina. Nemandi sem er valinn til að gegna hlutverki Vinaliða starfar í eina önn. Vinaliðinn vinnur að verkefninu í fyrri frímínútum skólans, tvo daga í viku, mánudag og fimmtudag eða þriðjudag og föstudag. Vinaliðinn mætir einnig á fundi á tveggja vikna fresti þar sem starfið í frímínútum er skipulagt og vangaveltur sem því tengjast eru ræddar. Það er ekkert sem segir að Vinaliði geti ekki verið valinn aftur, bekkjarhópurinn tilnefnir þá nemendur sem honum finnst passa í starfið hverju sinni. Í byrjun hvernar annar er vinaliðanámskeið þar sem vinaliðar læra vinaliðaleikina. Námskeið voru haldin fyrir vinaliða á haust- og vorönn.

Hvernig tókst til: Vinaliðastarfið á haustönn fór mjög vel af stað. Fyrstu vikurnar paraði verkefnisstjóri krakkana saman þar sem helst var lögð áhersla á því að blanda saman ólíkum aldurshópum. Í 4. bekk var þetta ekki mögulegt þar sem að þau eru elst í sínum frímínútum. Þar var frekar blandað á milli bekkja og stelpum og strákuð raðað saman. Eftir fyrstu fjórar vikurnar fengu vinaliðarnir svo að raða sér sjálfir í hópa en ávallt var aldursblandað í 5. og 6. bekk en það var gert til þess að stöðvarnar yrðu fjölbreyttar og næðu til fleiri nemenda.

Vinaliðastarfið á haustönn var ekki með hefðbundnu sniði þar sem að Covid-19 einkenndi meirihluta annarinnar og kláruðu vinaliðarnir ekki fyrr en á vorönn vegna fjöldatakmakana sóttvarnaraðgerða. Á tímabili lá verkefnið niðri fyrir áramót og var því verkefni vinaliða haustanna lengt yfir á vorönn. Nýir vinaliðar fyrir vorönn voru kosnir áður en haustvinaliðar voru búnir þar sem þeir voru með verkefni inn á vorönn og olli það smá ruglingi hjá verðandi vinaliðum sem og fráfarandi.

Í lok maí var svo sameiginlegur þakkardagur Vinaliða haustannar og vorannar. Vinaliðar ásamt verkefnastjóra og öðru starfsfólki brugðu undir sig betri fætinum og gengu í Smáralindina. Þar fengu allir popp, drykk og skemmtu sér vel yfir bíómynd. Að myndinni lokinni var boðið upp á pizzu og gengið til baka þar sem var frjálst í íþróttahúsi. Almenn ánægja var með þakkardaginn.

Það er einkar mikilvægt að verkefnisstjóri eða aðrir starfsmenn fylgist vel með vinaliðunum í frímínútum svo hægt sé að bregðast við séu einhverjir sem ekki eru að sinna hlutverki sínu. Það kom upp of oft í vetur að vinaliðar mættu ekki á stöðina og þá skipti sköpum að verkefnisstjóri væri upp á svæðinu til þess að ræða við viðkomandi. Einnig þurftu vinaliðarnir í nokkrum tilvikum aðstoð verkefnastjóra við að leysa úr deilum sem upp komu í leikjum.

Vinaliðarnir stóðu sig vel og fóru vel að fyrirmælum ef upp komu vandamál til dæmis vegna veðurs eða ef of fáir þátttakendur í voru leiknum þeirra. Ég vil mæla með því að sleppa 7. bekk á næsta ári þar sem áhugi er ekki mikill og nemendur í 7. bekk mæta illa ef þau eru í blönduðum hópi (með 5. eða 6. bekk).

Betra var að vera með stærri hóp af vinaliðum, það voru fjórir á hvern leik en vinaliðum var fjölgað upp í sex til átta á leik. Þá virkaði betur að vera með fjóra leiki í frímínútum en ekki sex og að hafa tvo krakka úr hverjum árgangi í hópunum.

Eftir áramót var send út vinaliðadagskrá næstu tveggja vikna á umsjónarkennara skólans eftir vinaliðafund til að allir umsjónarkennara gætu kynnt dagskránnar fyrir nemendum sínum. Til bóta væri ef tveir verkefnastjórar sæu um vinaliðaverkefnið.

Vilhelm Már Bjarnason

3. ÝMSAR SKÝRSLUR

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA YNGRI OG ELDRI DEILDA

Deildarstjórar sinna fjölbreyttum verkefnum ásamt því að hafa þriggja tíma kennsluskyldu. Þeir sitja í stjórnunarteymi skólans og eru því virkir í daglegri stjórnun hans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um ýmsa þætti skólastarfsins til dæmis í tengslum við skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, uppbrotsdaga (sem var minna um á árinu vegna Covid-19), jólaskeiðanna, íþróttadags, dagskrá á *Degi íslenskrar tungu*, þemavinnu, námskeiða, fræðslufunda o.fl.

Á vorin og haustin er skólabyrjun undirbúin sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag í smíðjum, skipulag færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í hópa og bekk. Skipulag fyrir samveru og samsöng á sal, skipulag fyrir matsal og innanhússkóladagatal. Deildarstjórar hafa umsjón með innkaupum á námsbókum, náms- og kennslugögnum og úthlutun á þeim. Þeir fylgja eftir kennsluáætlunum í öllum námsgreinum og samræma milli árganga.

Deildarstjórar halda utan um og panta, í samstarfi við kennara, ýmsa listviðburði og vettvangsferðir er tengjast skólastarfinu. Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum ásamt námsráðgjafa. Þeir skipuleggja stigsfundi og stjórna þeim, sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórnendum. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað.

Deildarstjóri yngri deilda sér um samskipti við leikskóla bæjarins og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur reglulegar skólaheimsóknir í samráði við samstarfsleikskólana. Heldur utan um skipulagningu á kynningarfundum fyrir foreldra verðandi 1. bekkina í mars og sér um *Vorskóla* í maí ásamt kennurum í 1. bekk.

Deildarstjóri eldri deilda sér um framkvæmd og úrvinnslu á *Skólapulsinum* með nemendum í 6. og 7. bekk. Hann sér um samskipti við Garðaskóla og Sjálandsskóla. Hann kemur að undirbúningi og framkvæmd á þorablóti 6. bekkina og árshátíð 7. bekkina, *Stóru upplestrarkeppninni* og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn í 6.–7. bekk. Deildarstjórar stjórna fundum í Nemendafélagi Hofstaðaskóla og skipuleggja fjallaferðir fyrir nemendur í 4. – 7. bekk.

Deildarstjórar halda utan um og stjórna innleiðingu á hæfnimiðuðu námsmati í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Þeir sjá um skipulag vegna framkvæmda á samræmdum prófum og vinna úr niðurstöðum þeirra og kynna fyrir starfsmönnum skólans og skólanefnd. Deildarstjórar sækja námskeið og fræðslufundi til að kynna sér nýjungar í kennslu og námsefni til að miðla áfram til kennara.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Margrét Erla Björnsdóttir
deildarstjórar

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STOÐÞJÓNUSTU

Í vetur voru fimm sérkennarar sem komu að sérkennslu og nýbúakennslu. Bergljót Vilhjálmisdóttir var deildarstjóri stoðþjónustu en hún sinnti einnig íslenskukennslu í 7. bekk ásamt tilfallandi kennslu. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir kenndi íslensku í 1., 2., 3. og 4. bekk, stærðfræði í 2., 3. og 4. bekk. Hildur Birkisdóttir kenndi stærðfræðihópum í 4. 5. og 7. bekk og enskuhópum í 5. bekk. Hún kenndi einnig íslenskuhópum í 4., 5., 6., og 7. bekk. Valgerður Gísladóttir kenndi íslensku í 1., 2., 3. 5. og 6. bekk og stærðfræði í 6. og 7. bekk. Anna Magnea Harðardóttir kenndi nýbúakennslu fram að áramótum og síðan aftur frá því í mars, auk þess sem hún kenndi einum einstaklingi tímabundið.

Sérkennslan fór aðallega fram inni í sérkennslustofum, en einnig á bókasafni, herbergi námsráðgjafa og í fundarherbergi. Á meðan á samkomubanni stóð í okt. til des. vegna Covid 19 faraldurs, þá var hólfaskipt kennsla, sérkennarar gátu þó haldið sinni sérkennslu, en samsetning hópa breyttist.

Þrír þroskaþjálfar voru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Anna Laxdal í fullu starfi og Íris Blandon í 80% starfi. 12 stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann, ýmist hluta úr vetri eða allan veturinn. Erla Guðmundsdóttir vann bæði sem stuðningsfulltrúi og skólaliði. Aðrir stuðningsfulltrúar voru Daníel Agnar Ásgeirsson, sem vann fram í maí, Elín Dóra Sigurðardóttir, Gissur Hrafn Gíslason, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Magnús A. Arnarsdóttir, Marólína Fanney Friðfinnsdóttir, Melissa Guðlaug Haire, Rakel Svavarsdóttir og Vilborg Harðardóttir. Svava Bjarkadóttir var fram að áramótum og tók Gunnlaugur Karlsson við af henni. Anna María Snorraddóttir var í námi með vinnu og leysti Kári Þ. Kristinsson hana af þegar hún var í námslotum. Kári var einnig í öðrum afleysingum í vetur. Alexander Már Patreksson tók við af Daníeli Agnari í maí.

Helga Rúna Þorsteinsdóttir var í 100% starfi námsráðgjafa. Tveir talmeinafræðingar komu í skólann til greiningarstarfa í janúar og einn í maí. Skilafundir talmeinafræðinga með foreldrum voru ýmist í gegnum síma eða rafrænir. Þeir sinntu einnig þeim nemendum sem áttu rétt á þjónustu á vegum sveitarfélagsins á stofu. Kristín Ósk Leifsdóttir skólasálfræðingur var sálfræðingur skólans. Hún var ekki með fasta viðveru, en sat nemendaverndarráðsfundi tvisvar í mánuði. Helgi frá hegðun.is veitti ráðgjöf vegna eins nemenda. Einn nemandi byrjaði með MST ráðgjöf, auk þess sem fulltrúi frá barnavernd kom með ART þjálfun fyrir nemanda í skólann. Iðjuþjálfari kom í skólann vegna nemanda og ráðgjafi frá Þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra kom með ráðgjöf.

Viðfangsefni stoðþjónustu eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskaþjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis og sérkennarar sjá um aðlöguð próf. Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um að meta námsgetu og færni nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan stoðþjónustunnar.

Frávíkisþjónusta í námsmati felur í sér m.a. lengri próftíma, lesara, skrifara, munnlegt próf, heimapróf, aðlagð próf, undirbúið próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagð próf, próf samkvæmt einstaklingsnámskrá eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram sem umsögn á hæfnikorti nemanda á Mentor. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og félagslegs umhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við. Þroskaþjálfar vinna einnig með félagsleg samskipti og sjálfshjálp nemenda.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst.

Sérkennsla og sérfræðipjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara		Greining/ þjónusta sálfræðings			Greining/ þjónusta talmeinafræðings	
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.	Dr.	St.
1.	6	5			4	1			1	4	1	8	4
2.	11	5	5	2	1	1				4	1		
3.	8	15	6	9	1	1		9	4	2	2	2	2
4.	15	7	12	6	2	2	4	3	1	7	0	2	
5.	8	5	3	3		2	2			6	0		
6.	7	5	2	2	1	1	1		2	2	1	1	1
7.	9	10	4	3	7	2	3	6		1	1		1
Alls	64	52	32	25	16	10	10	18	8	26	6	13	8

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um fundina, boðar á fundi og fylgir eftir þeim málum sem rædd eru á fundum. Nemendaverndarráðsfundir voru oftast haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildastjórar, námsráðgjafi, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu fundina. Umsjónarkennurum var boðið að sitja fundi þegar það átti við. Kristín Ósk Leifsdóttir sálfræðingur sat nemendaverndarfundi tvisvar í mánuði. Aðili frá félagsþjónustu, Sigurður Garðar Flosason sat nemendaverndarfundi einu sinni í mánuði og Hildigunnur Árnadóttir sat einnig einhverja fundi. Ása Sæunn Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur var fulltrúi heilsugæslu í vetur og sat að jafnaði fundi einu sinni í mánuði. Vegna takmarkana á skólastarfi í Covid voru margir nemendaverndarráðsfundir fjarfundir.

Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu einu sinni í viku með deildarstjóra stoðþjónustu og þroskajálfar með þeim tvisvar í mánuði. Deildarstjóri sérkennslu, þroskajálfar og stuðningsfulltrúar funduðu allir saman þrisvar sinnum yfir veturinn og auk þess í litlum hópum með umsjónarkennurum. Fundað var með þroskajálfum, stuðningsfulltrúum, sérkennurum og deildarstjóra stoðþjónustu vegna einstakra nemenda eins oft og þurfa þótti. Deildarstjóri og þroskajálfar áttu fasta fundi þrisvar á vorönn. Deildarstjóri fundaði auk þess með námsráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingum og sá um að fylgja eftir málefnum all nokkurra nemenda þar voru haldnir reglulegir teymisfundir. Ráðgjafi frá Sjónstöð fundaði með teymi að hausti. Reglulegir teymisfundir voru með Arnarskóla vegna nemanda. Upplýsingafundur skólaþjónustu varðandi börn sem þurftu sérstaka þjónustu á leikskóla var í haust, en ekki í fyrravor eins og verið hefur og fundur vegna næsta árs var haldinn nú í vor. Deildarstjóri stoðþjónustu sat fund í Kópavogi í vor vegna nemanda sem kemur til okkar næsta ár og einn teymisfundur var að vori með skólaþjónustu vegna nemanda sem kemur til okkar næsta vetur. Deildarstjórar og umsjónarkennarar í 7. bekk sátu skilafundi frá Hofsstaðaskóla til næsta skólastigs, Garðaskóla í vor.



Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir með *Lesfimi*prófum frá Menntamálastofnun. Það eru stöðluð próf og er miðað við að nemendur lesi ákveðinn fjölda orða á mínútu, gefin eru út viðmið fyrir 1. til 7. bekk að vori. Miðað er við að ákveðinn fjöldi nemenda nái 90% viðmiðum, ákveðinn hópur nái 50% viðmiðum og 25% nemenda nái ákveðnum viðmiðum. Prófin voru lögð fyrir þrisvar sinnum á árinu. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2. - 7. bekk í september, en umsjónarkennarar prófuðu nemendur í 1. -7. bekk í janúar og maí. Í október var lagt fyrir nemendur í 1. bekk *Leið til læsis* og var það gert í samvinnu umsjónarkennara, deildarstjóra yngra stigs og sérkennara. Niðurstöður voru birtar foreldrum og nemendum á hæfnikorti nemandans í Mentor. Í janúar fengu nemendur auk þess afhent framvindublað í lesfimi þar sem kemur fram hvar þeir eru staddir miðað við viðmið Menntamálastofnunar og það blað var vistað sem skrá á hæfnikorti nemandans í maí.

Einstaklingsnámskrárgerð

Deildarstjóri stoðþjónustu fylgdi því eftir að þeir nemendur sem víkja verulega frá í allt að þremur námsgreinum, og/eða nemendur sem eru með veruleg frávik í hegðun, fái einstaklingsnámskrá. Nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfra við gerð námskránna og voru þær gerðar með samþykki og samvinnu foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámskrám og einnig fyrir alla nemendur sem hlutu sérkennslu í íslensku, stærðfræði eða nýbúakennslu.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri, með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Fjallað var um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra. Að þessu sinni var fyrirlesturinn sendur út rafrænt. Tveir sérkennarar unnu með árganginum þrjá og hálfan og tvo tíma á viku og einn þroskaþjálfari í sex og hálfan tíma. Byrjað var með einn sérkennsluhóp en eftir *Leið til læsis* prófið sem var lagt fyrir í október voru tveir hópar sem fengu sérkennslu og tók þroskaþjálfari einnig að sér málörvun á móti sérkennara. Eftir áramót voru tveir sérkennsluhópar í lestri og tók deildarstjóri einnig að sér kennslu þriðja hópsins á móti þroskaþjálfra, þar sem lögð var áhersla á stafainnlögn og málörvun.

Í 1. bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar og m.a. unnið með *Orð af orði* og *123skoli*. Kennarar og deildarstjóri sáu um stafa og lestrarkönnun í desember. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir eftir *Lesfimi* prófunum í janúar og að vori. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra.

2. bekkur

Tveir hópar voru í íslensku í vetur ýmist með tvo eða þrjá tíma á viku. Einn hópur fékk sérkennslu í stærðfræði í tvo tíma. Tveir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra reglulega og einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsáætlun. Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á mál- og hljóðkerfisvitund, lestrarþjálfun, sjónrænan orðaforða og ritun. Unnin voru fjölbreytt verkefni og viðfangsefni tengdust oft viðfangsefni í bekk. Meðal annars var unnið með húsdýr í tengslum við þemavinnu bekkjarins. Oft var stöðvavinna með fjölbreyttum verkefnum. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti. Lestrarátakið *Polli* sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði í janúar fyrir nemendur undir viðmiði. Að þessu sinni var ekki haldinn kynningarfundur vegna Covid, en foreldrar fengu sendar glærur heim með upplýsingum um námskeiðið. Stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Nemendum var boðið að taka þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun.

3. bekkur

Í 3. bekk voru tveir hópar í sérkennslu í stærðfræði og tveir í íslensku, ýmist í tvo eða þrjá tíma. Einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá og fjórir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Skólinn var í samstarfi við Arnarskóla vegna eins nemanda. Hann vann samkvæmt einstaklingsnámskrá og var tvo daga í Hofsstaðaskóla, þrjá í Arnarskóla og flesta daga í Regnboga, nema þegar það var ekki hægt vegna Covid.

Í sérkennslu var lögð áhersla á lestrarþjálfun, lesskilning, ritun orða úr nýlesnum texta og ritun algengra orða. Unnið var með iPad og tölvur ásamt fjölbreyttri verkefnavinnu í einstaklings- og hópavinnu, t.d. Kahoot upp úr sögum Auðbjargar og Rannveigar Lund. Verkefni voru unnin í tengslum við þemavinnu í bekk um Risaeðlur. Unnin var stöðvavinna með fjölbreyttum verkefnum. Boðið var upp á lesskilningsnámskeið að vori fyrir nemendur sem voru undir viðmiði í *Orðarún*. Lestrarátakið *Risaeðlur* sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á vorönn fyrir nemendur undir viðmiði. Foreldrar fengu sendar kynningarglærur heim vegna átaksins og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Nemendur tóku þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir átta nemendur.

4. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku og tveir í stærðfræði í vetur, ýmist tvo eða þrjá tíma á viku. Einn nemandi fékk nýbúakennslu og sá nemandi fékk einnig einstaklingstíma í lestri. Tveir nemendur fengu auk þess einstaklingskennslu tvo tíma á viku í íslensku og stærðfræði. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá og sex nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Í sérkennsluhópum var lögð áhersla á fjölbreytta lestrarþjálfun, lesskilning, stafsetningu, ritun. t.d. Kahoot upp úr sögum Auðbjargar og Rannveigar Lund. Í stærðfræðihópum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur voru hvattir til að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Lestrarátakið *Höfrungalíf* sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á vorönn fyrir nemendur undir viðmiði. Foreldrar fengu sendar kynningarglærur með efninu og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Aðrir nemendur tóku þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir þrjá nemendur og lestrarskimun fyrir fjóra nemendur. Deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennari ásamt umsjónarkennurum ákváðu hverjir fengu prófafrávik í árganginum. *Samræmd próf* í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir rafrænt í september. Sótt var um frávik (lestrarstuðning og/eða lengri próftíma) fyrir sextán nemendur í íslensku og stærðfræði. Tveir nemendur fengu undanþágu í íslensku og stærðfræði.

5. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku í vetur tvo eða þrjá tíma á viku og einn nemandi fékk einstaklingskennslu í lestri einn tíma á viku. Í stærðfræði var *færnimiðað nám* og einn sérkennsluhópur þar sem nám og námsmat var aðlagð að þörfum sérhvers nemanda. Nýbúakennsla var í boði fyrir einn nemanda fyrri hluta vetrar og tveir nemendur fengu nýbúakennslu seinni hluta vetrar. Í sérkennslu var áhersla lögð á að vinna verkefni árgangs, en áhersla lögð á að vinna með lestur, lesskilning, málfræði, ritun og stafsetningu. Einhverjir nemendur tóku þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun sem unnið var heima. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda og lestrarskimun fyrir einn nemanda. Deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennari ásamt umsjónarkennurum ákváðu hverjir fengu prófafrávik í árganginum. Einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá og einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Hegðunarráðgjafi kom að málefnum eins nemanda.

6. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku í vetur, en í stærðfræði var *færnimiðað nám* og einn sérkennsluhópur, þar sem nám og námsmat var aðlagð að þörfum sérhvers nemanda. *Færnimiðað nám* var einnig í ensku. Fjórir nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Í sérkennsluhópum var áhersla lögð á að vinna verkefni árgangs, með áherslu á lestur, lesskilning, málfræði og stafsetningu. Nemendur tóku þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun í mars. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index* var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennari ásamt umsjónarkennurum ákváðu hverjir fengu prófafrávik í árganginum.

7. bekkur

Einn hópur fékk sérkennslu í íslensku í vetur og annar hluta vetrar. Einn nemandi fékk einkakennslu hluta vetrar. Þrír nemendur fengu heimanámsaðstoð. Einn nemandi fékk fullan stuðning yfir skóladaginn. Í sérkennsluhópum var áhersla lögð á lestur og lesskilning, stafsetningu og málfræði. Í stærðfræði var *færnimiðað nám* og einn sérkennsluhópur, þar sem nám og námsmat var aðlagð að þörfum hvers nemanda. *Færnimiðað nám* var einnig í ensku. Nokkrir nemendur fengu lestrarátakið *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun til að vinna heima. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Samræmd rafræn próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri stoðþjónustu, í samráði við bekkjarkennara, sérkennara og forráðamenn nemenda, sáu um að meta og sækja um fráviksþjónustuna. Sótt var um lestrarstuðning í íslensku og stærðfræði fyrir sautján nemendur. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir níu nemendur. Enginn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá, en einn samkvæmt markmiðum frá Brúarskóla.

Bergljót Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu.

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. BEKK

Í 1. bekk voru 75 nemendur, 31 stúlka og 44 drengir. Umsjónarkennarar voru Hildur Björk Guðmundsdóttir, Jónína Edda Sævarsdóttir, Sigurlaug J. Stefánsdóttir og Svava Bjarkadóttir, leiðbeinandi. Svava tók við af Birnu Björk Ólafsdóttur sem hætti um áramót. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Valgerður Gísladóttir, þroskaþjálfari var Anna Laxdal. Stuðningsfulltrúar voru: Erla Guðmundsdóttir og Svava Bjarkadóttir, Gunnlaugur Karlsson sem tók við stöðu Svövu sem stuðningsfulltrúi.

Helstu áherslur árgangsins

Grunnþættirnir lestrarþjálfun, góð vinnubrögð og góð samskipti voru höfð að leiðarljósi allan veturinn í 1. bekk. Nemendur lærðu að bera ábyrgð á eigin hegðun í mismunandi aðstæðum. Árgangurinn var hugsaður sem ein heild og var nemendum skipt í fjóra hópa og hafði hver kennari einn hóp í umsjón. Skólastofur nemenda voru í Höllinni. Tveir hópar voru saman í heimastofu. Hugmyndin var að hóparnir myndu breytast á skólaárinu en skiptingar voru fátíðar þar sem miklar takmarkanir voru vegna Covid-19. Um áramót færðust hópar milli heimastofa og þannig varð blöndum í nemendahópnum. Einnig voru myndaðir aðrir hópar í hringekju í íslensku sem voru breytilegir. Samvinna milli kennara og nemenda var undirstaða þess að vel gengi og finnst kennurum vel hafa tekist til.

Uppeldi til ábyrgðar

Unnið var með *Bókina um Tíslu* í lífsleikni. Bókin fjallar um hugsanir, tilfinningar og atvik sem upp koma hjá börnum við upphaf skólagöngu og hvernig megi takast á við vandamál á jákvæðan hátt. Lesið var fyrir nemendur einn kafla í einu, nemendur látnir ræða um það sem Tísla sagði frá og hvernig best væri að leysa úr málunum. Einnig var sungið og farið í leiki í tengslum við efnið hverju sinni.

Kennsluhættir

Unnið var í hringekjum í íslensku. Í náttúru- og samfélagsgreinum var unnið með söguramma sem meðal annars var samþætt inn í íslensku hringekjur.

Stuðst var við lestrarkennsluaðferðina *Vörður og vegvísar* og lagðir inn tveir til þrír bókstafir á viku og var allri stafainnlögn lokið í janúar. Inn á milli voru lögð fyrir verkefni í tengslum við *Byrjendalæsi*. Unnið var markvisst í hringekju með þá bókstafi sem lagðir voru inn hverju sinni. Með hverri stafainnlögn fylgdu lestrarbækur um *Omma* og verkefni af vefnum *123skoli.is* ásamt öðrum verkefnum frá kennurum. Eftir stafainnlögn var unnið áfram í hringekjum í íslensku og viðfangsefni hverju sinni voru lögð inn í tengslum við barnabækur sem lesnar voru fyrir nemendur. Unnið var eftir *Lesferli* frá Menntamálastofnun og voru nemendur prófaðir í lesfimi þar sem talin voru orð á mínútu.

Þemaverkefni

Unnið var þemaverkefni í tengslum við íslensku og samfélags- og náttúrugreinar. Að þessu sinni var unnið ítarlega verkefni um líkamann. Nemendur fóru heim með lokaafurð í formi verkefnamöppu. Mjög skemmtilegt verkefni og nemendur voru mjög áhugasamir. Einnig unnu nemendur líkama í raunstærð og settu ákveðin líffæri á hann.



Námsmat

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor*. Vegna Covid-19 var lítill hluti námsmarkmiða ekki metin í lok skólaárs. Í október var lagt fyrir lesskimunarprófið *Leið til læsis*. Út frá niðurstöðunum var fundið út hverjir þyrftu snemmtæka íhlutun. Unnið var með þá í litlum hópum hjá sérkennara. Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun var lagt fyrir í janúar og maí. Um vorið var lögð fyrir stærðfræðikönnun og einnig voru kannaðir ýmsir þættir í íslensku.

Upplýsinga- og tæknimennt

Árgangurinn hafði 19 spjaldtölvur til umráða sem notaðar voru við hin ýmsu verkefni, bæði í hringekjum og í bekkjarkennslu. Einnig var unnið með forritun þar sem notuð voru smáforritin *Box Island* og *Býflugurnar*. Sökum Covid-19 takmarkana var ekki farið með nemendur í 1. bekk í tölvur fyrr en í febrúar. Helmingur umsjónarhóps fór með kennara í tölvustofu á meðan hinn fór á bókasafn. Eftir nokkrar þannig vikur þá fór allur hópurinn saman í tölvur.

Þróunarstarf og nýbreytni

Við móttöku á nemendum um haustið var sú nýbreytni höfð að nemendur mættu nokkrir í einu og hittu tvo og tvo kennara árgangsins og skoðuðu skólahúsnæðið. Nemendur fóru inn í stofu og fengu kynningu á skólastarfinu, nestistímum o.s.frv. Allir sem komu fengu afhenta stundaskrá og smíðjuskipulag.

Nemendum var skipt niður á fjóra kennara sem voru merktir sem umsjónarkennarar hópsins. Hverjum hóp hjá umsjónarkennara var svo skipt niður í tvo hópa. Lagt var upp með að breyta hópum reglulega, tilgangurinn með því var að efla þau og styrkja félagslega og leggja grunn að góðum bekkjarbrag. Hópaskiptingar urðu þó ekki eins oft og lagt var upp með í upphafi vegna Covid-19.

Vettvangsferðir

1. bekkur fór á trúðasýningu þann 15. des hjá FG. Farið var á *Barnamenningahátíð Garðabæjar* í maí þar sem nemendur fengu að vinna með garn og greinar. Bókasafn Garðabæjar var heimsótt í byrjun júní þar sem nemendur fengu kynningu á bókasafninu og sumarlestrinum þeirra.

Viðburðir og félagslíf

100 daga hátíð var haldin í janúar þar sem farið var m.a. í skúðgöngu um skólann. Allir nemendur mættu í náttfötum í skólann, allir fengu 100 góðgæti í kramarhús og voru unnin allskonar verkefni þar sem talan 100 kom við sögu. Engin bekkjarkvöld voru haldin þetta skólaárið sökum Covid-19.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 1. bekk gekk vel í heild sinni. Vel gekk að blanda nemendum þvert á árganginn. Kennarar eru sammála um að vel hafi tekist til að ná upp jákvæðum og góðum bekkjarbrag, þrátt fyrir allar takmarkanir sem Covid-19 hafði í för með sér þá skilaði hópurinn sér í sterkari einstaklingum sem þurftu að treysta meira á sjálfan sig á margan hátt.



Hildur Björk Guðmundsdóttir, Jónína Edda Sævarsdóttir,
Sigurlaug Jóhanna Stefánsdóttir og Svava Bjarkadóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 2. BEKK

Í lok skólaárs í 2. bekk voru 71 nemendur í þremur hópum. Umsjónarkennarar voru Bryndís Stefánsdóttir, Elín Margrét Kristinsdóttir og Hafrún Lilja Elíasdóttir. Auk þess komu Ásta Kristjánsdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir að kennslu í árganginum. Ásta í 10 tíma og Ingibjörg í 12 tíma á viku. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Valgerður Gísladóttir. Stuðningsfulltrúar voru Magnús Anna Arnarsdóttir og Rakel Svavarsdóttir. Proskabjálfi var Anna Laxdal.


Kennsluhættir/skipulag kennslu

Í árganginum var lögð áhersla á teymisvinnu. Unnið var í hringekjum í íslensku og stærðfræði framan af vetri. Hringekjur voru unnar þannig að öllum bekkjarhópum var blandað saman í íslensku og stærðfræði. Frá október til janúar voru ekki hringekjur vegna Covid – 19. Frá febrúar voru aðeins hringekjur í íslensku og stærðfræði var kennd í bekkjarhópum. Íslenska var samþætt við samfélags- og náttúrugreinar og einnig voru barnabækur notaðar til innlagnar. Við undirbúning unnu kennarar saman í teymi og hittust reglulega til að undirbúa hringekjurnar. Smíðjur voru tvisvar sinnum í viku,

námgreinar voru eftirfarandi: Smíði, textílmennt, heimilisfræði, myndmennt, tölvufærni, forritun og þrautalausnir, Leikur að læra, Hugarfrelsi og sund.

Uppeldi til ábyrgðar

Í byrjun skólaárs gerðu allir umsjónarhópar bekkjarsáttmála. Unnið var að því að byggja upp góðan bekkjarbrag í árganginum og jákvæð samskipti höfð að leiðarljósi. Unnið var með hlutverk nemenda og hlutverk kennara. Áhersla var lögð á vaxandi hugarfar og lífsleikni. Notast var við aðferðir uppbyggingarstefnunnar við að leysa úr þeim ágreiningsefnum sem upp komu.



Þemaverkefni

Í árganginum var unnið með nokkur þemaverkefni þar sem íslenska var sambætt við náttúru- og samfélagsgreinar. Þemaverkefnin voru að mestu unnin í hringekjum ásamt því að vinna skapandi verkefni inni í heimastofu. Þau þemaverkefni sem unnin voru má meðal annars nefna vinnu með árstíðirnar, umferðina, húsdýr og gæludýr og Palla sem var einn í heiminum.

Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor*. Nemendur voru lestrarprófaðir að hausti og í kjölfarið var nemendum raðað í sérkennsluhópa. Í janúar og maí var allur árgangurinn lestrarprófaður og var notað til þess lesfimiþróf fyrir 2. bekk frá *Menntamálastofnun*. Lagt var fyrir miðsvetrar- og vorþróf í stærðfræði ásamt sérkönnunum skv. námsmarkmiðum í *Mentor*. Í íslensku voru námsþættir vetrarins prófaðir í desember og maí. Í skrift voru sögur og vinna nemenda notaðar við námsmat að vori. Í náttúru- og samfélagsgreinum voru stuttar kannanir notaðar til að meta þá þætti sem unnið var með úr bókinni *Halló heimur 1*. Í ensku var símat ásamt lokaprófi. Skólafærni var metin í desember og endurmetin í maí.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hver hópur í 2. bekk var með fastan tölvutíma í tölvustofunni einu sinni í viku. Þar fengu nemendur fræðslu um vinnulag og vinnubrögð í tölvustofunni. Nemendur lærðu undirstöðuatriði í fingrasetningu og þjálfuðu hana reglulega. Nemendur fengu kennslu í að opna og loka forritum, grunnkennslu í ritvinnslu, s.s. að skrifa texta í Word, breyta letri, setja inn myndir og vista. Tímarnir voru einnig nýttir til þjálfunar í stærðfræði, íslensku, náttúru- og samfélagsgreinum í hinum ýmsu gagnvirkum forritum sem tilheyra yngsta stigi eða má finna á netinu, s.s. *krakkavefir mms.is*, *KidPix* og *Sebran*.

Nemendur lærðu að leita á vefnum og opna ýmsar gagnlegar vefsíður, s.s. heimasíðu skólans og vef Menntamálastofnunar. Nemendur fengu fræðslu um netöryggi, skjá- og tölvuleikjanotkun, a.m.k. einu sinni á hvorri önn auk þess sem sú umræða skapaðist endurtekið við og við. Í tölvufærnitímum, sem kenndir voru í smiðjum, var lögð höfuðáhersla á sögugerð og að kenna nemendum á forritið 2 *Create a story*.

Annar bekkur hafði til umræða nítján spjaldtölvur sem notaðar voru í hringekjum, í bekkjarkennslu og í smiðjum, í íslensku, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði. Nemendur lærðu að skrá sig inn á Kennsluappið og nýta sér það. Nemendur lásu stundum í hljóðlestrarstundum í spjaldtölvum, í Lestrarleiknum. Spjaldtölvurnar nýttust vel nemendum með sérþarfir, ekki hvað síst í tengslum við lestur og sem umbun. Einnig var unnið með forritun í Osmo í smiðjum.

Árgangurinn var mjög fjölmennur og spjaldtölvurnar voru ekki nógu margar fyrir einn hóp. Bragarbót varð á því í kringum páskana, en þá bættust við átta spjaldtölvur til viðbótar og nýttust þær mjög vel þar sem það þá var komið eitt bekkjarsett.

Þróunarstarf/nýbreytni

Nokkuð var um nýtt námsefni frá Menntamálastofnum fyrir 2. bekk og má þar nefna *Stærðfræðispæjarar 2* og *Halló heimur 1* sem er nýtt efni í náttúru- og samfélagsgreinum. Viðfangsefni og þemaverkefni úr bókinni *Halló heimur 1* voru oftast samþætt íslensku. Einnig var lögð áhersla á leiðsagnarmat í vinnu nemenda í ritun, hringekjum og heimavinnu. Frá og með janúar voru að meðaltali einn tími á viku í *Hugarfrelsi* hjá hverjum bekkjarhóp og mæltist það vel fyrir hjá nemendum. Einnig voru færnimiðaðir hópar einu sinni í viku í stærðfræði þar sem unnið var með ákveðin viðfangsefni. Voru notaðar stærðfræðisögurnar, *Safnið mitt* og *Ljósín í blokkinni* og vinnuhefti sem fylgja bókunum. Sögurnar eru úr bókaflakki frá Menntamálastofnun og beinir athyglinni að ákveðnum stærðfræðilegum viðfangsefnum og tengir stærðfræði við daglegt líf.

Viðburðir og félagslíf

Skólastarfið var með óvenjulegu sniði vegna Covid 19 og því lítið um stærri viðburði og félagslíf, s.s. í kringum bekkjarkvöld og sameiginleg afmæli.

Í september héldu kennarar útgáfuhóf í tilefni útgáfu nýrrar stærðfræðibókar, *Stærðfræðispæjarar 2*. Kennarar bökuðu muffins og buðu nemendum upp á muffins og djús. Í kringum hrekkjavöku var mikið skreytt, nemendur og kennarar mættu í búningum og unnin voru verkefni tengd hrekkjavöku.

Í desember var haldið í vasaljósagöngu að morgni og gengið í myrkrinu í nágrenni skólans. Fulltrúar úr foreldrahópi árgangsins lögðu til fé úr árgangasjóði svo hægt væri að bjóða upp á köku og kakó eftir gönguna.

Í apríl fékk árgangurinn Leikhúsið 10 fingur í heimsókn með sýninguna *Krakkarnir í hverfinu*, en það eru leikþættir þar sem brúður eru notaðar til að fræða börnin um ofbeldi og mikilvægi þess að börn segi frá ef þau hafi upplifað eða orðið vitni að ofbeldi.



2. júní var farið í stutta gönguferð sem endaði með óvæntri heimsókn Ísbílsins í boði foreldra.

Vettvangsferðir

Vegna Covid -19 var farið í mjög fáar vettvangsferðir þetta árið. En við farið var í þó nokkrar gönguferðir í nágrenni skólans. Í lok skólaárs var farið í vorferð í Guðmundarlund ásamt 1. bekk, farið var í ýmsa leiki og grillaðar pylsur. Ferðast var með rútu á milli staða.

Mat á starfi vetrarins

Skólastarfið í vetur var ekki alveg hefðbundið og litað af Covid – 19. Þrátt fyrir ýmsar breytingar með mismiklum fyrirvara gekk starfið nokkuð vel fyrir sig en árgangurinn fór m.a. í sóttkví í byrjun október. Þar sem bekkjarhóparnir eru stórir hentaði vel að vera með hringekjur og fá auka kennara inn í árganginn. Þannig voru nemendur færri í hverjum hópi í íslensku og stærðfræði. Ánægja var með *Hugarfrelsi* og færnimiðaða hópa í stærðfræði. Kennarar hlakka til að takast á við nýjar áskoranir næsta vetur þar sem nýr umsjónarkennari bætist við og nemendahópnum verður skipt upp í fjóra bekkjarhópa.

Bryndís Stefánsdóttir, Elín Margrét Kristinsdóttir og Hafrún Lilja Elíasdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. BEKK

Í 3. bekk voru 74 nemendur, 36 stúlkur og 38 drengir. Umsjónarkennarar voru Anna Ágústa Hauksdóttir, Ágústa Kristín Steinarsdóttir, Bryndís Björk Svavarsdóttir og Hildur Helga Kristjánsdóttir. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Valgerður Gísladóttir. Proskapjálfi var Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Magnús Anna Arnarsdóttir, Vilborg Harðardóttir, Melissa Haire, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Breki Dagsson og Emma Ljósbrá Friðriksdóttir.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Árganginum var skipt upp í fjóra bekk. Unnið var í hringekjum og þá var nemendum blandað saman. Íslenska, stærðfræði og samfélags- og náttúrugreinar voru samþættar.

Vegna Covid-19 þurfti stundum að breyta skipulagi eftir því sem takmarkanir á skólastarfi breyttust.

Uppeldi til ábyrgðar

Í vetur voru aðferðir Uppeldis til ábyrgðar notaðar í daglegu skólastarfi. Lögð var áhersla á að að nemendur tækju ábyrgð á eigin hegðun og gerðu sér grein fyrir eigin hlutverki í samskiptum við aðra aðila í skólanum.

Þemaverkefni

Í samfélags- og náttúrugreinum voru unnin þemaverkefni og voru nemendur mjög áhugasamir. Í verkefni um himingeiminn var unnið hópverkefni þar sem safnað var upplýsingum um reikistjörnurnar og kynnt fyrir hópnum. Risaeðluverkefni var unnið á vorönn þar sem lögð var áhersla á samvinnu og sköpun nemenda. Nemendur fræddust um áttirnar og fengu þjálfun í að lesa úr kortum í þemaverkefni um landakort. Að vori var húsdýraþema þar sem nemendur kynntu sér húsdýrin m.a. einkenni, búsvæði og nytjar. Einnig var plöntuþema að vori þar sem fjallað var um plöntur og gróður í nærumhverfi skólans. Öll þemaverkefni voru samþætt við aðrar námsgreinar s.s íslensku, stærðfræði og ensku.




Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í *Mentor*. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru allir nemendur lestrarprófaðir í *Lesfimi* í september, janúar og maí. Nemendur sem ekki náðu viðmiðum voru prófaðir oft og í kjölfarið var þeim raðað í sérkennsluhópa. Miðsvetrar- og vorpróf sem fylgja *Sprota 3* voru lögð fyrir með smávægilegum breytingum.

Í íslensku var lagt fyrir lesskilningsprófið *Orðarún* að hausti og vori. Einnig voru miðsvetrar- og vorpróf í íslensku þar sem prófuð voru atriði skv. námsmarkmiðum í *Mentor*. Í skrift og ritun voru lögð fyrir ritunarverkefni að hausti og vori, einnig voru sögubækur nemenda notaðar við námsmat. Í ensku var símat ásamt lokaprófi. Skólafærni var metin í desember og endurmetin í maí.

Námsefni og námsmat var aðlagð þeim nemendum sem voru með einstaklingsnámsskrá. Það var gert í samráði við þroskaþjálfara og sérkennara.



Upplýsingatækni

Þriðji bekkur hafði til umráða 25 spjaldtölvur sem notaðar voru í hringekju og inni í bekk, í íslensku, ensku og stærðfræði. Í náttúru- og samfélagsgreinum var notast við spjaldtölvur og tölvur í tölvustofu til að leita að upplýsingum og skoða fræðsluefni. Nemendur fóru í tölvustofu einu sinni í viku þar sem unnið var í fjölbreyttum forritum og fingrafimi. Töluvagninn var einnig nýttur í upplýsingasöfnun í náminu. Unnin voru verkefni í Book creator og *Stop motion*. Einnig fengu nemendur að spreyta sig á forritun með Sphero kúlunum.

Þróunarstarf/nýbreytni

Markmið voru sýnileg nemendum í íslensku og stærðfræði. Markmið hvernar hringekju var kynnt í upphafi hennar. Námsveggir í tengslum við þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni voru settir upp. Passað var uppá að skipta um efni eftir viðfangsefnum. Notaðir voru límmiðar í ritunarbækur með þeim markmiðum sem verið var að vinna með hverju sinni.

Unnið var að því að byggja upp góðan bekkjarbrag í árganginum eftir að honum var skipt upp í fjóra hópa í stað þriggja. Jákvæð samskipti voru höfð að leiðarljósi og lögð var áhersla á kurteisi og umburðarlyndi í leik og starfi. Mikil áhersla var lögð á vaxandi hugarfar og lífsleikni.



Vettvangsferðir

Árganginum var boðið á tónleika í Tónlistaskóla Garðabæjar fyrir jólin. Farið var á Hönnunarsafn Íslands í tengslum við Barnamenningarhátíð í Garðabæ og í hjólaferð á ylströndina í Sjálandi. Vorferð var farin á Bjarteyjarsand á Hvalfjarðarströnd og voru dýrin og fjaran skoðuð. Vegna Covid-19 var farið í færri ferðir en venja er á skólaárinu.

Viðburðir og félagslíf

Engin bekkjarkvöld voru haldin á þessu skólaári vegna Covid-19. Engir viðburðir voru á vegum skólans af sömu ástæðu. Ævar vísindamaður kom í rafræna heimsókn á haustönn.

Mat á starfi vetrarins

Þegar á heildina er litið þá gekk starfið vel. Covid-19 setti mark sitt á skólastarf vetrarins. Reynt var að fylgja öllum áætlunum eins og hægt var og hnika til þegar þurfti.

Anna Ágústa Hauksdóttir, Ágústa Kristín Steinarsdóttir, Bryndís Björk Svavarsdóttir og Hildur Helga Kristjánsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 4. BEKK

Í byrjun skólaárs voru 87 nemendur í 4. bekk í fjórum bekkjum. Umsjónarkennarar voru Eva Björnsdóttir, Lára Björg Einarsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Sólbjörg Harðardóttir. Sérkennarar árgangsins voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Hildur Birkisdóttir. Proskapjálfar voru Anna Laxdal, Íris Grímsdóttir Blandon og Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Anna María Snorraddóttir, Gissur Hrafn Gíslason, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir og Marólína Fanney Friðfinnsdóttir.

Helstu áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu áherslur í náminu í vetur miðuðu að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum, samskiptum og að halda þeim góðu félagslegu tengslum sem var lagt upp með árinu áður. Einnig var vaxandi hugarfar og uppeldi til ábyrgðar haft að leiðarljósi í kennslu. Áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinnuhæfni og vandvirkni.



Kennsluhættir/skipulag kennslu

Kennsluhættir voru fjölbreyttir þar sem miðað var við að námið væri bóklegt, hlutbundið og leiðbeinandi. Kennsluhættir miðuðust við innlagnir, umræður, sjálfstæða vinnu, hópavinnu, paravinnu, athuganir, munnleg og skrifleg verkefni og þrautalausnir. Markmið voru höfð sýnileg nemendum og námsveggir uppfærðir reglulega. Vaxandi hugarfar var haft að leiðarljósi og kennarar stuðluðu að jákvæðu námsumhverfi og hvöttu nemendur til að temja sér jákvætt og uppbyggjandi hugarfar.

Samþætting var fyrst og fremst í þemaverkefnum og upplýsingatækni. Vegna Covid-19 var ákveðið að leggja áherslu á hópavinnu innan árgangsins frekar en hringeikjur.

Samstarf kennara gekk vel og voru þeir samstíga í kennslu og undirbúningi.

Þemaverkefni

Þemaverkefni vetrarins voru: Íslenskir þjóðhættir, Vefurinn hennar Karlottu, eldgos, trúarbrögð og plöntur.

Námsmat

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum og metið eftir hæfniviðmiðum. Í stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir tengdar Sprota 4A, og 4B yfir önnina. Í íslensku voru lögð fyrir próf í lesfimi, lesskilningi, málfræði, ritun og stafsetningu. Í ensku var lokapróf að vori en yfir árið var símat. Í samfélags- og náttúrugreinum voru metin verkefni, virkni og áhugi. Námsmat var skráð í námsframvindu í *Mentor*. Sérkennarar aðstoðuðu við prófatöku þegar á þurfti að halda.

Upplýsinga- og tæknimennt

Á vorönn voru nemendur kynntir fyrir Cromebook tölvum og Google-svítunni. Nemendur unnu verkefni í ýmsum forritum eins og Bookcreator, Autodraw og Googledocs. Nemendur fengu einnig kennslu í forritun í smíðjum.

Þróunarstarf/nýbreytni

Reynt var að halda áfram með þróunarstarf sem hófst hjá árganginum í 3. bekk. Markmið með því starfi var að styrkja félagstengsl í árganginum og mynda eina heild með því að skipta upp hópnum reglulega. Í 4. bekk var því haldið áfram að blanda nemendum saman í hópavinnu/þemavinnu eins og hægt var. Lögð var sérstök áhersla á að blanda þvert á hópa til að viðhalda fjölbreyttum og góðum félagslegum tengslum.

Vettvangsferðir/útikennsla

Á haustönn var farið í gróðursetningaferð að hrauni Garðabæjar. Tónlistarskóli Garðabæjar bauð nemendum á tónleika. Farið var í gönguferðir þar sem nærumhverfi skólans var skoðað. Unnið var með laufblöð að hausti þar sem nemendur bjuggu til listaverk úr þeim á göngustígum við skólann. Það stóð til að fara fleiri ferðir en þeim var aflýst vegna Covid-19. Vorferð var farin á Byggðasafnið á Akranesi.



Viðburðir og félagslíf

Vegna Covid-19 var lítið um viðburði. Haldin var hrekkjavökuhátíð innan árgangsins á skólatíma og á öskudag voru stöðvar og skemmtidagskrá innan árgangsins. Þriðja bekk var boðið að horfa á Litlu-upplestrarhátíðina í sal skólans, ekki var hægt að bjóða foreldrum eins og venja er vegna Covid-19. Hátíðin var tekin upp og send til foreldra.

Mat á starfi vetrarins

Eins og áður hefur komið fram hefur samstarf kennara gengið vel og tókst vel að aðlaga starfið miðað við aðstæður í samfélaginu. Vel gekk að halda góðum félagslegum tengslum nemenda innan árgangsins.

Eva Björnsdóttir, Lára Björg Einarsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Sólbjörg Harðardóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. BEKK

Nemendur í 5. bekk voru alls 79 í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Edda Júlía Helgadóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir, Jóhanna Beck Ingibjargardóttir og Ölrún Marðardóttir. Sérkennsla var í íslensku og um hana sáu Valgerður Gísladóttir og Hildur Birkisdóttir. Umsjónarkennarar sáu um stærðfræðikennslu ásamt Björk Ólafsdóttur og Hildi Birkisdóttur.

Helstu áherslur árgangsins

Nokkur viðbrigði eru fyrir nemendur að færast í eldri deild, áherslur breytast og viðfangsefni þyngjast. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfa nemendur í vinnubrögðum sem henta í vinnu eldri bekkja og að skipuleggja vinnu sína. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í Chromebook-tölvum eða spjaldtölvum árgangsins og tengdust við Google-svítuna. Unnið var markvisst að því að bæta lestrarhraða með mínútulestri og lesskilning með ýmsum verkefnum.

Uppeldi til ábyrgðar

Byrjað var á innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar. Nemendur voru kynntir fyrir grunnþörfunum fimm og þarfagreiningunni. Nemendur unnu spurningalista og fundu út sínar grunnþarfir. Afraksturinn var síðan hengdur upp í stofunni.

Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í *mitt og þitt* hlutverk, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sjö hópa í hringekju og smiðjum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina voru þar kennd námstækni, tölvufærni, hugarfrelsi, eðlisvísindi og forritun. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gefur aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem krefjast rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og töluvert var um hópavinnu. Stærðfræði var kennd í sex færnimiðuðum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku mið af stöðu hópsins.



Almennt voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni, verkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn o.fl.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrugreinum, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr mörgum mismunandi þáttum yfir veturinn; hópvinnu, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum. Nemendur tóku kannanir og próf á mismunandi hátt, m.a. skriflega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum í lok hvers kafla þar sem nemendur fengu leiðsagnarmat og annarpróf sem var fært inn á Mentor í hæfnikort nemenda. Í málfræði var heildstætt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og Orðarún (lesskilningur) var stöðumat í janúar og maí. Staða í hraðlestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Stöðluð lesfimiþróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir og viðmiðin voru orð á mínútu. Lesferill nemenda var síðan settur inn á Mentor í námsmökkur.

Þróunarstarf/nýbreytni

Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði og samvinnu nemenda. Nemendur unnu ýmis verkefni í tölvum og kynntu fyrir bekknum. Unnið var með ýmis forrit í kennslunni. Covid-19 hafði einhver áhrif á nýbreytni og fjölbreytileika í kennsluháttum til dæmis var minni blöndun á milli hópa.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Í tengslum við námsbókina *Víkingaöld* og *Leif heppna* var á áætlun að fara á Þjóðminjasafnið, en vegna Covid-19 var ekki hægt að taka á móti okkur. Nemendum var boðið á sýningu í Perlunni (Undur Íslenskrar náttúru) en vegna Covid-19 þurfti að fresta og að lokum aflýsa ferðinni.

Farið var á Hönnunarsafnið með hluta af nemendum en vegna Covid-19 komust aðeins tveir bekkir sem fræddust um íslenska ull. Farin var önnur ferð þar sem nemendur fengu að kynnst leirlist. Farið var í vasaljósaöngungu í skammdeginu.

Á vordögum var farið í hjólaferð og á Þingvelli. Þar var tekið á móti hópnum með fræðslu um m.a. vatn, jarðfræði og sögu staðarins.



Mat á starfi vetrarins

Árganginum var skipt upp í nýja bekki í ár og nemendur voru því að kynnst nýjum bekkjarfélögum ásamt því að aðlagast námi á miðstigi. Veturinn gekk vel, nemendur hafa þroskast mikið og tekið góðum framförum í leik og starfi. Þau viðfangsefni sem standa upp úr eftir veturinn eru einkum ýmis samvinnuverkefni og kynningar sem nemendur fluttu fyrir bekkina. Heildstæð verkefni skila oft fjölbreyttri og skemmtilegri vinnu sem reynir á marga mismunandi þætti eins og safnmökkur í samfélagsgreinum og íslensku. Þær fáu ferðir sem náðist að fara í vöktu mikinn áhuga nemenda. Þá var leiðinlegt að ekki var hægt

að hafa neinar salarskemmtanir eða bekkjarkvöld. Þar af leiðandi hittu kennarar foreldra lítið sem ekkert í eigin persónu.

Edda Júlía Helgadóttir, Jóhanna Beck Ingibjargadóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir og Ölrún Marðardóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 6. BEKK

Nemendur í 6. bekk voru samtals 91. Þeir voru í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Guðbjörg Sigríður Petersen, Guðrún Helga Sigurðardóttir, Ólafur Pétursson og Sylvía Guðrún Eggertsdóttir. Sérkennslukennarar í íslensku voru Hildur Birkisdóttir og Valgerður Gísladóttir. Umsjónarkennarar sáu um stærðfræðikennslu ásamt Önnu Magneu Harðardóttur, Björk Ólafsdóttur og Valgerði Gísladóttur. Ensku kennarar voru auk umsjónarkennara Anna Magnea Harðardóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfar nemendur í vinnubrögðum sem henta í vinnu eldri bekkja og að skipuleggja vinnu sína. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í tölvum eða spjaldtölvum árgangsins. Nemendur kynntust vinnu á Chromebook-tölvum og tengdust við Google-svítuna. Unnið var markvisst að því að bæta lestrarhraða með mínútulestri og lesskilning með ýmsum verkefnum. Þá var unnið markvisst með hópefli og samvinnu.



Uppeldi til ábyrgðar

Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í *mitt og þitt* hlutverk, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga. Auk þess gerðu bekkirnir þarfagreiningu sem var útfærð á skapandi hátt.

Kennsluhættir

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sjö hópa í smiðjum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var þar kennd forritun, myndbandavinnsla, eðlisvísindi, heimildavinna og sund. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gaf aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem kröfðust rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum. Stærðfræði var kennd í sjö færnimiðuðum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku að nokkru mið af stöðu hópsins. Almennu voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni, verkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn o.fl.

Vegna Covid-19 breyttust aðstæður um haustið og tóku kennsluhættir mið af því vegna nálægðartakmarkana. Skólastarf gekk ágætlega og hafði þessi breyting lítil áhrif til dæmis á námsmat.

Námsmat

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrufræði, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr nokkrum þáttum yfir veturinn; hópvinnu, verkefnum, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum. Nemendur tóku kannanir, auk samræmdra kannana, og próf á fjölbreyttan hátt, m.a. skriflega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum í lok hvers kafla, haust- og vorprófi. Í málfræði var stórt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og lesskilningi var stöðumat í janúar og maí. Staða í lestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir í september, janúar og maí og viðmiðin voru orð á mínútu. Nemendur fengu lestrarferil sinn vistaðan inn á Mentor. Töluverð vinna fór í að aðlagast nýju námsmati og tengja það við allar námsgreinar.

Þróunarstarf/nýbreytni



Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði og samvinnu nemenda. Unnið var með ýmis forrit í kennslunni. Sömu leiðis voru notuð fræðslumyndbönd í kennslunni. Notast var við forritið Kahoot með það að markmiði að gera námsefnið skemmtilegra og vekja áhuga nemenda.

Vettvangsferðir

Það var ýmislegt á dagskrá fyrir veturinn sem tókst ekki vegna Covid-19 eins og til dæmis þá var ekki farið í árlegan vinnumorgunn 6.b. í Húsdýragarðinum. Á áætlun var einnig heimsókn í Hönnunarsafnið en aðeins einum bekk tókst að fara, 6. GSP. Hætt var við þorablótið. Farið var í gönguferðir í nágrenni skólans, hjólaferð að Vífilsstaðavatni og í heimsókn á slóðir Snorra Sturlusonar í Reykholt. Tekin var ákvörðun um að bóka ekki fræðslu í gengum Snorrastofu að þessu sinni. Kennarar árgangsins sáu um fræðslu og samantekt í kringum Snorralaus, nemendur voru greinilega nokkuð vel að sér eftir námsefni vetrarins.

Viðburðir og félagslíf

Lítið var um viðburði og félagslíf þetta skólaárið vegna Covid-19. Engin sýning var haldin á sal þetta árið.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk nokkuð vel, nemendur hafa þroskast mikið og tekið góðum framförum í leik og starfi. Líkt og veturinn á undan þá hefur það sýnt sig að nemendur hafa mikla aðlögunarhæfni, líkt og skólastarfið í heild sinni, og situr það að loknum vetri. Nemendur og starfsfólk skólans eiga hrós skilið eftir þennan ólíka en jafnframt lærdómsríka vetur. Nauðsynlegt er að endurhugsa námsmatið upp á nýtt að mati kennara. Það er ekki hægt að breyta en halda samt inni gamla kerfinu líkt og gert er nú. Einnig er ekki hægt að bæta við námsmatið án þessa að taka eitthvað út í staðinn. Það þarf að gera þarfgreiningu út frá sjónarhorni nemenda, þ.e.a.s hvað þeir eru að fá út úr þessu fyrirkomulagi. Mögulega þarf að fá nemendur meira að ákvarðanatöku og þróunarstarfi.



Guðbjörg Sigríður Petersen, Guðrún Helga Sigurðardóttir,
Ólafur Pétursson og Sýlvía Guðrún Eggertsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 7. BEKK

Nemendur í 7. bekk voru alls 99 í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Ýr Sveinsdóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Hrönn Kjærnested og Lára Hreinsdóttir. Stuðningsfulltrúi var Melissa G. Haire. Stuðningskennsla var í íslensku og um hana sáu Hildur Birkisdóttir og Bergljót Vilhjálmisdóttir. Stærðfræðin var færnimiðuð og um hana sáu Anna Þóra, Hrönn, Anna Ýr, Valgerður, Hildur og Anna Magnea Harðardóttir. Anna Ýr, Lára, Anna Þóra, Anna Magnea og Stefán Þór Jónsson sáu um enskukennsluna í færnimiðuðum hópum.

Helstu áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Nemendur hafa fengið þjálfun í allskyns vinnubrögðum og verkferlum síðustu ár og reynt var að nýta þá kunnáttu, bæta nokkru við hana og auka sjálfstæði nemenda við vinnu enn frekar. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í tölvum eða spjaldtölvum. Jafnframt var áhersla lögð á að vinna áfram með hugarkort og orðaforða. Unnið var töluvert í því að bæta ritun nemenda og fjölbreytt ritunarverkefni unnin; sögur, ritgerðir, útdrættir, endursagnir, bréf, dagbækur o.fl.

Uppeldi til ábyrgðar

Í uppeldi til ábyrgðar gerðu nemendur þarfagreiningu og unnu þarfaplatta út frá henni. Einnig var gerður bekkjarsáttmáli, mitt og þitt hlutverk o.fl. Haldnir voru bekkjarsfundir um hin ýmsu málefni, eins og einelti, netvarnir, siðareglur, tóbak, vímuefni, forvarnir og samskipti almennt. Bókin *Ertu* var tekin fyrir og unnin voru verkefni úr henni. Fyrirlesturinn *Fokk Me - Fokk you* um samskipti á samfélagsmiðlum og líkamsímynd var haldinn á vorönn.

Kennsluhættir

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk, en raðað var í hópa eftir færni í stærðfræði og ensku, einnig voru blandaðir hópar í smiðjum. Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir að mati kennara og námsmat einnig. Nemendur unnu reglulega verkefni sem reyndu á skapandi þætti, upplýsingatækni, ritun, hugtakakort, framsögn, samvinnu o.fl. Nemendur fengu fjölmörg tækifæri til að vinna með öðrum, ýmist í tveggja manna teyrum eða stærri hópum. Þeir unnu einnig oft einstaklingslega að verkefnum eða hlustuðu á samnemendur sína kynna verkefni. Kennarar árgangsins skipulögðu vinnu sína með svipuðum hætti og voru að jafnaði sams konar verkefni unnin í hverjum bekk. Stærðfræðin var unnin í færnimiðuðum hópum og voru sex hópar. Enskan var einnig unnin í færnimiðuðum hópum og voru þeir fimm þennan veturinn.

Þemaverkefni

Unnið var heildstætt verkefni út frá bókinni *Vítahringur*, sem innihélt fjölbreytt og áhugaverð íslenskuverkefni. Matskvarði var útbúinn sem nemendur fengu í upphafi verkefnavinnunnar. Verkefnið er þannig sett upp að auðvelt er að aðlagja það nemendum sem eiga við námsörðugleika að stríða.

Í upphafi skólaárs var unnið að verkefnum tengdum Vífilsstaðavatni og lauk því verkefni með ferð að Vífilsstaðavatni. Þá var unninn sögurefill í anda *Bayeux*-refilsins upp úr bókinni *Miðaldafólk á ferð*.



Námsmat

Unnið var alfarið út frá hæfniviðmiðum. Þó þetta sé annað árið sem námsmat er unnið með þessum hætti fór enn mikil vinna í að semja matsviðmið og þróa nýja hugsun. Námsmat var með fjölbreyttum hætti eins og áður og yfirleitt nokkrir þættir metnir; kannanir, verkefnavinna, hópvinna og vinnubækur. Fjölbreytt verkefnavinna og hópvinna nemenda var metin í nokkrum námsgreinum t.d. *Vítahring*, landafræði og ensku. Námsmat í stærðfræði þróaðist og breyttist þegar leið á veturinn og ákveðið var að meta ekki kaflakannanir með formlegum hætti heldur nýta þær sem leiðsagnarmat og meta eingöngu tvö stærri próf til lokamats.

Upplýsinga- og tæknimennt

Unnið var að nokkru leyti eftir kennsluáætlun sem til er á sameign skólans en hún er aðlöguð að öðrum námsgreinum og voru margir tölvutímar samþættir öðrum námsgreinum. Google svítan var nýtt í verkefnaskil, einkum í gegnum Classroom sem var notað til að vinna heimalestrarverkefni yfir veturinn sem og ritunarverkefni. Crome vélarnar voru notaðar ásamt spjaldtölvum. Upplýsinga- og tæknimennt fór einnig að miklu leyti fram í smíðjum.

Þróunarstarf/nýbreytni

Heimalestrarverkefni voru nýbreytni í kennslunni að því leyti að þau voru unnin og þeim skilað í gegnum *Classroom* vikulega. Markmiðið var að gera nemendur sjálfstæðari og ábyrgari fyrir eigin lestrarnámi og veita þeim verkfæri til að taka framförum í lestri og vinnubrögðum. Áætlað er að nýta þessa vinnu og reynslu í frekara þróunarstarf á næstu árum. Eftir vel heppnað Fimmtudagsfjör í 6. bekk var ákveðið að vera með Þrusu-þriðjudag í vetur þar sem árgangurinn hreyfði sig saman í tuttugu mínútur.

Vettvangsferðir

Farið var hjólandi í vettvangsferð að Vífilsstaðavatni þar sem Bjarni náttúrufræðingur tók á móti nemendum og fræddi þá um lífríki vatnsins og nágrenni. Að ferðinni lokinni fengu nemendur fiska og sýni í skólann til að kryfja, greina og skoða nánar.

Árgangurinn fór að Reykjum í Hrútafirði dagana 26. - 30. október. Gekk sú ferð mjög vel. Komu nemendur heim reynslunni ríkari. Nemendur unnu síðan ritgerðarverkefni í skólanum um upplifun sína á Reykjum. Árleg heimsókn í Garðaskóla var farin í maí.

Vorferðin var farin á slóðir Vítahrings í Hvalfirði þar sem voru grillaðar pylsur og farið í fjárhús á Bjarneyjarsandi. Hjólaferð var farin á ylströndina í Nauthólsvík og farið í útilegu í bæ við FG.

Viðburðir og félagslíf

Því miður setti Covid 19 svip á skemmtanir og félagslíf nemenda annað árið í röð. Árshátíð árgangsins fór fram í lok skólaárs en þá var haldið diskótek fyrir nemendur þar sem plötusnúður sá um fjörið og einnig kom veitingavagn frá Hamborgarabúllunni.

Skemmtileg nýbreytni var að efna til happdrættis en vinningar komu frá foreldrum nemenda. Skemmtunin heppnaðist vel og allir fóru glaðir heim.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 7. bekk gekk vel í vetur. Tekið var á móti ansi mörgum nýjum nemendum og tóku þeir sem fyrir voru mjög vel á móti þeim, svo eftir var tekið. Nemendur þreyttu samræmd próf í upphafi skólaárs og stóðu sig mjög vel á landsvísu. Samstarf umsjónarkennara gekk einnig mjög vel, námáætlanir stóðust og unnu kennarar saman að því að leysa þau vandamál sem upp komu hverju sinni. Ferðin að Reykjum þjappaði hópnum vel saman og styrkti samband á milli kennara og nemenda. Við mælum eindregið með því að þessi ferð sé farin að hausti.



Anna Ýr Sveinsdóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Hrönn Kjærnested og Lára Hreinsdóttir

DANSKA

Kennari: Ester Jónsdóttir

Nemendur Hofstaðaskóla byrja að læra dönsku í 7. bekk. Markmið kennslunnar er að gera nemendur jákvæða gagnvart tungumálinu og námsgreininni, því þá verður námið áhugaverðara og skemmtilegra fyrir nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins. Unnin eru margvísleg verkefni bæði í formi leikja, framsagnar og iPad verkefni. Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar. Hefðbundin bókleg kennsla hefur verið ríkjandi en hún var reglulega brotin upp með spilum, kvikmyndum, leikjum og hópverkefnum ýmis konar þar sem sköpun, framsögn, orðaforði, gleði og upplýsingatækni sameinuðust svo eitthvað sé nefnt. Helstu viðfangsefni dönskunámsins á fyrsta ári snúa að nemendunum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, föt, dagarnir og heimilið eru meðal efnispáttar

Námsefni

Start lesbók og vinnubók frá *Menntamálastofnun*. Unnið var með *Start* bókina fram í janúar, einnig voru unnin hlustunarverkefni. Áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og hópavinnu. Einnig unnu nemendur með framsögn, orðaforða og upplestur. Síðan voru fjölbreytt verkefni bæði einstaklingsmiðuð og í hópavinnu.

Upplýsingar og tæknimennt

Kahoot var notað en það er smáforrit til að þjálfra orðaforða. Kennarinn setur inn tengd orð þar sem nemendur þjálfra orðaforða og vinna ýmis verkefni: ritun, þýðingar og að para saman orð. Einu sinni í viku voru sýndar danskar stuttmyndir, til að æfa hlustun og orðaforða. Unnin voru verkefni út frá myndunum. Námsáætlanir í dönsku stóðust vel.

Í lok vorannar unnu nemendur ípad verkefni í Book Creator. Það var hópavinna þar sem tveir og tveir unnu saman, upprifjun úr *Start* bókinni. Í lokin sýndi hver hópur bekknum sína bók fyrir bekkinn.

Þróunarstarf og nýbreytni

Síðastliðin ár hefur verið unnið með *Start* kennslubókina á haustönn og *Smart* á vorönn. Var ákveðið strax í upphafi skólaárs að vinna eingöngu með *Start* bókina á haustönn og ekki með *Smart* bókina á vorönn. Heldur brjóta enn meira upp kennsluna með því að vinna fjölbreytt verkefni bæði einstaklingsmiðuð og í hópavinnu. Einnig var unnið markvist með verkefni í hringekju og var mikill ávinningur þar. Með þessari nýbreytni voru mun fleiri nemendur virkir í hópavinnu því kennsluhættir voru margvíslegir.

Námsmat

Nemendur tóku tvö próf úr *Start* og gildi hvort um sig 40%, tvö örverkefni 20%.

Á vorönn fór fram símat. Unnin voru verkefni tengd kvikmyndum sem voru sýndar og lokamat var í maí þegar unnið var með upprifjun úr námsefni vetrar.

Árangur/ hvað tókst vel?

Námsárangur dönsku er yfir heildina góður, nemendur eru flestir áhugasamir og vinnusamir. Dönskukennslan er fjölbreytt og þykir nemendum gott að kennslan sé brotin upp með ýmsum mismunandi verkefnum.

Nemendur hafa öðlast grunnþekkingu í tungumálinu og uppbyggingu þess. Þeir búa yfir nokkrum orðaforða og eru jákvæðir og áhugasamir. Nemendur hafa einnig fengið meiri áhuga á Danmörku og danskri menningu.

Ester Jónsdóttir

SKÓLABÓKASAFN

Bókasafnsfræðingur: Kristín H. Thorarensen

Aðstaða

Góð aðstaða er fyrir kennslu á safninu og er hægt að koma með heila bekki í verkefnavinnu. Sýningartjald og skjávarpi er til staðar, sex hópaborð og 24 sæti. Engar tölvur eru á safninu en þess í stað er hægt að bóka tölvuvagn. Sumar bókahillurnar eru færanlegar sem gefur aukna möguleika á nýtingu safnsins, s.s. fyrir fundi og námskeið. Mjög góð hljóðvist er á safninu.

Starfsfólk

Á safninu starfar einn bókasafns- og upplýsingafræðingur í 100% starfi sem sér um útlán, aðföng, skráningu, grísjun og umhirðu safnkosts auk annars sem til fellur á safninu.

Safnkostur

Vorið 2021 eru 16.143 skráð eintök á safninu sem skiptist niður í 14.740 bækur og 1.430 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Bókakostur safnsins er mjög góður og fjölbreyttur. Leitast er við að kaupa inn sem mest af nýjum skáldsögum til að viðhalda lestraráhuga nemenda og koma til móts við áhugasvið þeirra. Fræðibókluti safnsins er góður og styður vel við nám nemenda og er bætt við hann eftir þörfum. Það sama má segja um handbækur og fræðibækur fyrir fagfólk skólans, fylgst er með útgáfu á nýju efni og er það keypt inn þegar þess er óskað.



Reglur bókasafnsins

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu.
- Fara á vel með bækur og önnur gögn. Vera hrein á höndum og fletta rólega.
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað eftir notkun.
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti.
- Ekki má borða eða drekka á skólasafninu.

- Mælt er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá nemendur í einu úr hverjum bekk.

Starfsemi

Fjöldi lánþega er 636, nemendur og hluti starfsfólks. Á skólaárinu voru lánuð út 12.644 eintök. Útlán voru færri en síðasta ár og skýrist m.a. af því að bókasafnið var lokað í nokkrar vikur á haustönninni vegna kórónaveirufaraldursins og á vorönninni voru sóttvarnarráðstafanir í nokkrar vikur sem fólu í sér að hver árgangur fékk einn útlánatíma á viku. Nemendur og starfsfólk nýta safnkostinn vel og ekki er óalgengt að safnið sé að lána út vel á annað þúsund eintök á mánuði.

Opnunartími safnsins er frá 8.00-16.00 að jafnaði. Fastir útlánatímar eru í upphafi dags sem taka mesta kúfinn af útlánaþörf dagsins. Nemendur koma þó yfir allan daginn til að ná sér í lesefni. Sérstakir bókasafnspassar eru fyrir nemendur sem vilja koma á safnið og fékk hver bekkur þrjá slíka til að hafa í kennslustofunni. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna þann fjölda nemenda sem er á safninu hverju sinni. Þá eru aldrei fleiri en þrír nemendur í einu úr sama bekk. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel.

Sögustund er hluti af smiðjum í 1. bekk og komu nemendur á bókasafnið einu sinni í viku í 20 mínútur í senn, alls fimm – sex skipti. Saga var lesin og lögð áhersla á að skapa rólega og notalega stemmningu svo að nemendur geti lifað sig inn í söguna. Skemmtilegar og góðar umræður eiga sér oft stað. Eftir sögulestur fá nemendur tíma til að skoða og lesa bækur.

Bókasafnsfræðsla er hluti af smiðjum í 4. bekk og komu nemendur á bókasafnið einu sinni í viku 80 mínútur í senn, alls fimm - sex skipti. Nemendur fengu fræðslu um skipulag safnsins, þ.e. staðsetningu skáldsagna og fræðibóka og hvaða munur er á þessum tegundum bóka. Nemendur lærðu um flokkunarkerfi Dewey og hvernig fræðibókum er raðað í efnisflokka, einnig lærðu nemendur að skáldsögum er raðað í hillur eftir höfundum og að það skiptir máli hvort hann er íslenskur eða erlendur. Nemendur unnu ýmis verkefni tengd skáldsögum og fræðibókum í bókinni *Meira sýslað á skólasafni*.

Heimildaverkefni er hluti af smiðjum í 6. bekk og komu nemendur á bókasafnið einu sinni í viku 80 mínútur í senn, alls fjögur - fimm skipti. Nemendur lærðu um höfundarrétt og ritstuld og mikilvægi þess að gera tilvísun í heimild. Einnig lærðu nemendur að gera heimildaskrá eftir APA skráningarreglunum. Rætt var um áreiðanleika heimilda og mikilvægi þess að vanda val þeirra.

Fyrsti bekkur kom á stutt námskeið í safnfræðslu eftir áramót þar sem bókin *Mýsla sýslar á skólasafni* var unnin af miklum áhuga. Þar lærðu nemendur ýmsar reglur um umgengni við safn og safnkost, s.s. meðferð bóka, hvernig á að fletta blaðsíðum, hvernig snyrtilegar hillur líta út og umgengni við bækur, þ.e. að vera hreinn á höndum og ganga frá bókum á sinn stað. Miklar og góðar umræður sköpuðust. Hálfur bekkur var á safni og hálfur bekkur í tölvustofu með umsjónarkennara. Hver hópur kom í fjögur skipti á safnið.

Sundhópar í 2. bekk koma á safnið einu sinni í viku að sundtíma loknum og eru þar fram að matartíma, í u.þ.b. 20 mínútur. Nemendur lesa og skoða bækur, lögð er áhersla á rólegheit.

Í desember komu nemendur úr 2. - 4. bekk í heimsókn á safnið til að hlusta á jólasögu. Þessar stundir eru alltaf ánægjulegar og skemmtilegar þegar kominn er smá jólafiðringur í nemendur.

Lestrarhvetjandi verkefni eru stór þáttur í starfsemi safnsins og voru þau eftirfarandi á skólaárinu:

- *Lesum meira* lestrar- og spurningaverkefnið í 7. bekk er fastur liður og halda umsjónarkennarar utan um það. Safnið styður við þetta verkefni með því að halda utan um bókakostinn og hafa hann tilbúinn þegar þörf er, auk þess að koma að dómgæslu í spurningakeppninni. Spurningakeppnin er lokaáfanginn í verkefninu og er haldin í sal skólans. Mikil og góð stemmning myndaðist og höfðu allir gaman af.
- *Drekaklúbbur* er starfræktur á safninu. Nemendum í 2.-7. bekk stendur til boða að ganga í klúbbinn. Í drekaklúbbnum geta nemendur lesið bækur í fimm þyngdarflokum. Nemendur velja flokk sem hentar þeirra lestrargetu. Í drekaklúbbnum eru bækur þar sem drekar koma á einhvern hátt við sögu. Nemendur fá viðurkenningu eftir hvern flokk. Meiri áhugi er meðal yngri nemenda.
- Bókasafnið tók ekki þátt í *Bókaverðlaunum barnanna* vegna þeirra sóttvarnarráðstafana sem voru í skólanum.

Ein kennslustund í stærðfræði hjá 5. bekk fór fram á safninu.

Bókaskil

Á vorin þegar skóla lýkur eiga nemendur að skila inn öllum bókasafnsbókum sem þeir eru með í láni. Síðasti útlánadagur var 26. maí og síðasti skiladagur var 31. maí. Umsjónarkennarar fengu útlánalista fyrir sinn bekk og gerðu sitt besta til að hvetja nemendur til að standa í skilum. Við skólalok var nokkur fjöldi bóka í vanskilum, 45 bækur í yngri deild og 66 bækur í eldri deild. Skilin í ár voru betri en síðasta skólaár. Það er sérstaklega bagalegt þegar nemendur sem eru að hætta í skólanum skila ekki bókum, reynslan hefur sýnt að þær bækur skila sér sjaldnast til baka. Á hverju ári undanfarin fimm ár hefur á þriðja tug bóka ekki verið skilað af þeim árgangi sem er að hætta í skólanum. Er það ákveðið fjárhagslegt tjón fyrir skólann og eins er það vont fyrir safnið að tapa þessum bókum úr safnkostinum.

Aðfangastefna

Aðfangastefna var unnin fyrir bókasafnið. Hún gegnir því hlutverki að marka stefnu við að byggja upp safnkost viðkomandi safns. Með henni verður uppbygging safnkostsins markvissari, hún tekur mið af tegund safnsins og þeim markhópi sem safnið þjónar. Aðfangastefna markar vinnureglur um innkaup, grísjun og skráningu safnkosts. Hún er endurskoðuð reglulega. Aðfangastefnan var send stjórnendum til upplýsinga.

Starfslýsing

Starfslýsing var endurskoðuð og uppfærð fyrir skólasafnið miðað við starfsemi þess í dag.

Framtíðarsýn

Skólasafnið á að vera lifandi og skemmtilegur staður sem er mikið notaður af kennurum og nemendum. Kennarar eru ávallt velkomnir á safnið með bekkina/hópana sína.

Kristín H. Thorarensen,
bókasafns- og upplýsingafræðingur

SMIÐJUR

	Fjöldi hópa	Smíði	Textilmennt	Heimilisfræði	Myndmennt	Sund	Hugarfrelsi	Eðlisvísindi	Tölvufærni	Bókasafn	Stærðfræðiþrautir	Enska	Skapandi skrif	Forritun	Leikur að læra	Vínáttu- og leiðtogafærni	Pals lestrarþjálfun	Tónmennt
1. b.	6	1,5	1,5	3	3	3	1	1,5	1,5	0,5		1						
2. b.	6	4	4	4	4	3	1	1	1									
3. b.	7	4	4	4	4	3,5	2	1	1		1					1	1	
4. b.	6	4	4	4	4	1*	1	1	2	1	1				1			
5. b.	7	4	4	4	4	4		2	2				1	2		1		
6. b.	7	4	4	4	4	4		2	2	2				2				
7. b.	7	4	4	4	4	3			2					2		2		2

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum og ýmsum öðrum greinum í 11-15 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 5-6 sinnum á vetri. Smíði, textill, myndmennt og heimilisfræði er kennd í lotum í 1.-7. bekk í 80 mínútur tvisvar í viku. Sund er einnig í lotum hjá þessum árgöngum nema 4. bekk þar sem hópnum er skipt í þrjá hópa og fer hver hópur í sund einu sinni eina kennslustund á viku allan veturinn. Auk þess fá hópar úr 1., 2., 3., 5. og 6. bekk, 1x40 mínútur í sund í lok skóladags.

Í 1. bekk eru smiðjulotur í 60 mínútur. Í öðrum árgöngum 80 mínútur. Fleiri greinar koma inn í smiðjuskipulag, sjá töflu hér fyrir neðan. Tónmennt er kennd í eina stund á viku í 1. - 6. bekk. Í 7. bekk er tónmennt í smiðjum. Gerð er nánari grein fyrir ráðstöfun tíma í smiðjum hér fyrir neðan ásamt þeim greinum sem kenndar eru.

*** Ekki kennt í lotum heldur 1 x í viku allt skólaárið**

HEIMILISFRÆÐI

Björk Ólafsdóttir kenndi 1., 4., 5. og 6. bekk, Guðrún Pálsdóttir kenndi 2., 3. og 7. bekk.

Helstu markmið

Aðalnámskrá grunnskóla er höfð til hliðsjónar í kennslunni. Helstu markmið eru:

- að nemendur kunni skil á fæðuhringnum og borði fjölbreytta og holla fæðu
- að nemendur skilji að góðar neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna
- að nemendur átti sig á því að hreinlæti við matargerð er mikilvægt
- að nemendur geti mælt með desilítramáli og mæliskeiðum
- að nemendur kunni að nota eldhúsáhöld á viðeigandi hátt
- að nemendur geti þvegið upp og gengið frá eftir sig
- að nemendur temji sér góða siði
- að nemendur þekki umhverfissvænar umbúðir og mikilvægi flokkunar
- að nemendur séu meðvitaðir um umhverfi sitt

Uppbygging kennslunnar

Í ár komu nemendur í 1. bekk tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur en aðrir árgangar komu tvisvar sinnum í viku í 80 mínútur. Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefni verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir svo sem paraverkefni og einstaklingsverkefni. Yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópavinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru fjölmennir. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér allt sem þeir kunna og hafa lært við vinnu sína.

Kennsluaðferðir

Munnleg innlögn og skrifleg markmið er lagt til grundvallar í öllum árgöngum. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna mest í hópum, tveir til þrír saman, en stundum einir. Verklek kennsla er í fyrirrúmi. Í 1. bekk eru tveir bóklegir tímar af 11-12 kennslustundum. Kennt er í 60 mínútur í hvert skipti. Í 2. bekk eru fjórir til sex bóklegir tímar af tuttugu og tveim til tuttugu og fjórum kennslustundum. Í 3. bekk eru fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum. Í 4. bekk eru fjórir bóklegir tímar af tuttugu og tveimur til tuttugu og fjórum kennslustundum. Í 5. bekk eru tveir til fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum. Í 6. bekk eru fjórir bóklegir tímar af

átján til tuttugu kennslustundum. Í 7. bekk eru tveir til fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og Næringarfræði matvæla útg. Menntamálastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Krossgátur, Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk.* Næringarfræði og þekking matvæla tengd m.a. námsaðferðinni *Orð af orði* þar sem lögð er áhersla á að byggja upp orðaforða. Verkefni af vef: honnuhus.is, snarlid.is og ýmis myndbönd s.s Kýrin mín o.fl. tengt matargerð og öðru sem tengist heimilisfræði.



Námsmat

Námsmatið er hæfniviðmiðað og er merkt við frammistöðu nemenda í námsframvindu í *Mentor*. Í upphafi hverrar námslotu eru nemendur upplýstir um hæfniviðmið sem unnið er eftir. Þau eru síðan metin í lok hverrar námslotu. Í lok hverrar kennslustundar eru helstu hæfniviðmið tímans dregin saman og metin.

Nýbreytni

Nemendafjöldi var stillt í hóf þetta skólaár í yngri bekkjardeildum. Nemendur í 1.-2. bekk voru 11-12 í hópi. Í 3. bekk voru nemendur 12-13 í hópi. Í yngri deildum vinnur helmingur hópsins að hluta til verklegt verkefni undir leiðsögn kennara á meðan hinn helmingurinn vinnur sjálfstætt í vinnubókum. Svo er skipt um hlutverk. Nemendur í 1. bekk fengu kennslu tvisvar í viku þetta skólaárið.

Markmiðssetning þróunarverkefnisins SKÍN heldur áfram í öllum árgöngum og gengur mjög vel. Í hverri kennslustund eru hæfniviðmið kennslustundar sýnileg nemendum annað hvort á töflu eða af myndvarpa. Nemendur vita þannig í byrjun hverrar kennslustundar til hvers er ætlast af þeim.

Covid-19

Það hefur alltaf verið mikil ánægja með þorablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Þá hafa nemendur aðstoðað kennara samdægurs við undirbúning. Vegna Covid-19 féllu báðar hátíðarnar niður á þessu skólaári. Nemendur misstu einnig af smiðjum eða smiðjukennslustundum þegar loka þurfti á list og verkgreinakennslu vegna smithættu og sóttvarna frá 2. - 17. nóvember.



Húsnæði – aðstaða

Almenn ánægja er meðal nemenda og kennara með kennsluaðstöðuna. Uppþvottavélin var endurnýjuð ásamt kennarasvuntum og uppþvottastykkjum að hluta.

Hvað hefur gengið vel – hvað má betur fara

Veturinn hefur gengið vel. Covid-19 hafði áhrif á kennslu að einhverju leiti og nálægð og samveru kennara og nemenda. Sóttvarnir og loftgæði voru eins góð og hægt var við þessar aðstæður. Hegðun nemenda er almennt góð og þeir sýna náminu yfirleitt mikinn áhuga. Hópar nokkurra bekkjardeilda eru þó fjölmennir og þar vill stundum vera erfitt að fá nemendur til að fara að fyrirmælum. Í 7. bekk kom fyrir að nemendur voru 15 og verða þá talsverð þrengsli þar sem kennslueldhúsið er hannað fyrir 14 nemendur að hámarki. Þegar nemendur eru 10-12 í hópi þá er meiri tími á hvern nemanda og hægt að sinna þeim betur ásamt því að gera meiri kröfur á hvern og einn. Verkefnaval virðist höfða vel til nemenda og eru þeir að hluta til hafðir með í ráðum sérstaklega í efri bekkjum.

Björk Ólafsdóttir og Guðrún Pálsdóttir heimilisfræðikennarar

MYNDMENNT

Kennarar: Sigríður Anna E. Nikulásdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

Kennsluhættir og skipulag

Nemendur hafa mætt tvisvar sinnum í viku, tvo tíma í senn, í 9-11 skipti, eftir stærð árgangsins en nemendur 1. bekk mættu tvisvar sinnum í viku í vetur, klukkutíma í senn. Nemendafjöldi er 11-15 í hverjum hópi og einstaka nemendur hafa stuðning inni í tíma og einstaklingsmiðuð verkefni sem hæfa þeirra getu.



Í Hofstaðaskóla skiptist kennsla milli tveggja kennara og gengur samvinnan mjög vel. Kennslunni er skipt eftir árgöngum þannig að kennararnir eru ekki að kenna sömu verkefni. Samtalið er þó lifandi og kennarar hittast reglulega á fagfundum og bera saman bækur sínar. Kennsluhættir eru líka með svipuðu sniði í öllum árgöngum. Í upphafi hverrar smiðju er farið yfir hæfniviðmið og verkefni tímabilsins. Kennslustund byrjar yfirleitt á innlögn og samtali við nemendur þar sem farið er yfir verkefni sem vinna á með nemendum, efni og þau verkfæri sem þeir eiga að nota. Kennari kemur með dæmi, sýnishorn og fer yfir verkefnið með ýmsum leiðum t.d. með kennslumyndböndum, skjávarpa, listaverkabókum, umræðu o.fl. Við tekur svo leiðsagnarnám enda vinnur hver nemandi á sínum hraða og kennari gefur einstaklingsmiðaða endurgjöf. Kennarar setja auk þess áhersluatriði og lýsingar upp á töflu og hafa markmið sýnileg.

Nám: áætlanir og mat

Námsáætlanir í myndmennt stóðust að mestu leyti en vegna Covid-19 varð rask á kennslunni og misstu sumir hópar af smiðju að hluta til eða alveg. Reynt var að halda þeim verkefnum inni sem best tengjast hæfniviðmiðum og samhæfðust fyrirmælum yfirvalda um hreinlæti og samskipti.

Verkefni og áherslur

Í myndmenntanáminu er lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og tækni. Auk þess er farið í listasögu og ýmsir listamenn og listastefnur kynntar. Þeir listamenn sem eru sérstaklega kynntir eru: Leonardo, Picasso, Andy Warhol, Kjarval, Erró, Ásgrímur Jónsson, Kristín Jónsdóttir, Van Gogh og fleiri.



1. bekkur.

Í fyrsta bekk koma nemendur tvisvar sinnum í viku í myndmennt, klukkutíma í senn. Alls 10 skipti og eru það tvöfalt fleiri kennslustundir en í fyrra. Í fyrsta bekk læra nemendur að umgangast myndmenntastofuna, þeir læra að beita helstu áhöldum stofunnar, læra um frumlitina og hvernig má beita þeim, um grunnformin og möguleika þeirra.

2. bekkur.

Í öðrum bekk byrjar kennslan á að nemendur fara í litafræði og læra grunnblöndun lita. Nemendur læra m.a um frumlitina, læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna og skipar myndbygging stóran sess í kennslunni. Nemendur í öðrum bekk fá einnig grunnkennslu í leirmótun og vinna nemendur að gerð skrímsla sem þau handmóta og glerja.



3. bekkur

Í 3. bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og litafræðina. Nemendur spreyta sig m.a. á einföldustu gerð þrykks eða límþrykki. Þar pensla þeir með lími einfalda mynd á

karton og þrykkja svo á eftir myndir sínar. Í leirvinnu voru skornar út uglur og mynstur prentað á þær.

4. bekkur

Nemendur læra uppbyggingu kyrralífs og er fjarvídd tekin fyrir. Nemendur fræðast m.a um Jóhannes S. Kjarval og Louisu Matthíasdóttur. Nemendur eiga að velja annan listamanninn og teikna og mála verk í hans anda. Í leirvinnu skera þeir út fiska þar sem leirinn er fluttur út með kökukefli og mynstur gerð með ýmsum áhöldum.



5. bekkur



Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og er mikil áhersla lögð á línuteikningu og meðferð línunnar. Þar ber helst að nefna teikningu á skó frá ólíkum sjónarhornum og allskyns mynstur. Auk þess fá nemendur tækifæri til að skera út línuleg mynstur í grafíkdúk og þrykkja með svörtum lit. Nemendur nýta sér holutækni og móta skálar úr leir og kynnast listmenningu Panama þar sem er rík skrautmynsturhefð. Nemendur

hafa einnig spreytt sig á uppstillingu þar sem þeir nýta þurrkrít til að teikna ýmsa fugla og hefur sú vinna skilað mjög fallegum myndum.

6. bekkur

Í 6. bekk er farið í gullinsnið Leonardos og þannig er haldið áfram að byggja ofan á fyrra nám. Áhersla er lögð á nákvæma andlitsteikningu og er einnig mótað andlit eða höfuð í leir. Auk þess mála nemendur málverk í anda Impressionisma þar sem reynt er að fanga stemningu í málverki af landslagi og unnið í anda franskra málara tímabilsins, með frjálsum pensilstrofum og hreinum tónum.

7.bekkur

Í 7. bekk er áhersla á listasögu og að vinna verk út frá þekktum listastefnum. Nemendur kynntust listamönnum eins og Braque og Picasso í tengslum við Kúbisma og gerðu andlitsmynd í anda Picasso. Nemendur unnu fjölbreytt og skemmtileg grafíkverk þar sem m.a. var prófað að þrykkja á vatnslitamálaðan og litaðan pappír. Var yfirleitt mikil ánægja með útkomuna og skemmtileg stemning myndaðist í þrykktímunum. Einnig vinna þeir skemmtileg verkefni í tengslum við samtímamenningu og hönnun og búa til sín eigin logo út frá grunnformum og skammstöfunum úr nöfnunum sínum.



Helstu áherslur

Grafík og leirmótun skipa stóran sess í myndmenntakennslunni og njóta mikilla vinsælda meðal nemenda. Sú áhersla er að mati kennara góður kostur til að efla verklega færni nemenda. Vinnubrögðin eru fjölbreytt og býður tæknin upp á ótrúlega möguleika til úrvinnslu. Námið er hægt að byggja upp stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna. Það hvetur til lausnamiðaðra aðferða og spreyta nemendur sig á ýmsum tæknilegum aðferðum og kljást við vandamál sem koma upp í vinnuferlinu. Þeir læra einnig samvinnu, að taka tillit til hvors annars og að mistök séu möguleikar og að það megi nota þau til að greina hvað fór úrskeiðis og læra af þeim. Stundum getur það leitt þá á nýjar og spennandi slóðir og eru nemendur tvímælalaust ánægðir með verk sín og getu.

Með hjálp grafíkur geta nemendur fengið aðra sýn á hugtök eins og speglun, andhverfu og form en það eru hugtök sem mikið er unnið með í stærðfræði. Leirvinnan gefur tækifæri til þrívíðrar vinnu og eflir verkunnáttu, þolinmæði og fínhreyfingar.

Upplýsingatækni

Kennarar nýta sér alnetið og skjávarpa til að kynna ýmsa listamenn og listastefnur: kúbisma, popplis, impressisonisma og expressionisma. Hin ýmsu kennslumyndbönd hafa verið sýnd nemendum sem fræðast og kynnast hinum ýmsu tækniæfingum í myndmennt. Að hafa fastan skjávarpa í myndmenntastofunni er nauðsynlegt til að geta fylgt nútímalegum kennsluháttum eftir en best væri að hafa líka spjaldtölvur svo nemendur geti unnið sjálfstætt í hugmyndavinnu og upplýsingaöflun. Auk þess er til sægur af forritum sem auðgað gætu kennsluna. Má t.d. nefna forritið Masterpiece frá Osmo sem gefur mikla möguleika og gæti t.d. leyst ljósaborðið af hólmi.

Aðstaða efni og tæki

Myndmenntastofa Hofstaðaskóla er vel útbúin og þeir sem þangað koma hafa orð á því hversu falleg og björt stofan er, enda setja gluggarnir fallegan svip á hana.

Með nýjum kennara koma nýjar áherslur og þar sem Heiða Lind hefur menntun og reynslu á sviði keramik hafði það áhrif á efnistöð kennslunnar. Farið var í að endurnýja glerunga og prófa nýrri penslanlega glerunga frá Amico, ásamt leirlitum. Þessir glerungar gefa góða raun og er ætlunin að halda smám saman áfram að skipta þeim út fyrir hina. Einangrun í Leiðrofinum er farin að losna og þarf að líta á það þar sem það hefur áhrif á brennslu og hitastig.

Sigríður Anna E. Nikulásdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

SMÍÐI OG NÝSKÖPUN

Kennari: Sædís S. Arndal

Helstu markmið

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs, vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.


Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri eða efni þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur að sýnu verkefni og á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða og fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sýnu.



Kennsluaðferðir

Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir, snið og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.



Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara. Mikil vinna fer í að finna/hanna/hugsa/smíða/búa til ný verkefni fyrir nemendur.

Námsmat

Símat er allsráðandi í smíði. Þeir þættir sem einkum eru hafðir til grundvallar eru: sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni, hegðun, hirðusemi og vinnusemi.

Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Mikill áhugi er hjá nemendum að senda inn hugmyndir í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna.

Húsnæði: aðstaða – verkfæri.

List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við. Aðstaðan í smíðastofunni er góð en getur stundum orðið þröngt því nemendum fjölga í hópunum. Stofan stendur nokkuð vel hvað tæki og tól varða.

Nýsköpun

Nemendur í 5. 6. og 7. bekk fá tækifæri og hvatningu í smíðatímum til þess að vinna að nýsköpunarhugmyndum og senda þær í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna.

Sædís S. Arndal

TEXTÍLMENNT

Kennarar: Hofstaðaskóla kenna tveir kennarar textílmennt. Kennslunni er skipt þannig Ester kennir 1. bekk, 3. bekk, 6. bekk og 7. bekk. Heiða Lind kennir 2. bekk, 4. bekk og 5. bekk, kennarar hittast reglulega á samstarfsfundum og bera saman bækur sínar.

Nemendur hafa mætt tvisvar sinnum í viku, tvo tíma í senn. Hver hópur kemur í 9-11 skipti, eftir stærð árgangsins. Nemendur í 1. bekk mæta einu sinni, klukkutíma í senn. Nemendafjöldi er 11-15 í hverjum hópi og einstaka nemendur hafa stuðning inni í tíma og einstaklingsmiðuð verkefni sem hæfa þeirra getu.

Helstu markmið

- Að nemendur njóti sín í kennslustundum
- Að nemendur læri á þau verkfæri sem notuð eru
- Að nemendur byggi ofan á fyrri reynslu og efli sjálfstæði
- Að nemendur ljúki verkefnum sem unnið er að

Uppbygging kennslunnar

Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu og verkefnin verða flóknari. Innlögn er í byrjun hverrar lotu þar sem hæfniviðmið eru kynnt og sýnd nemendum. Farið er yfir umgengnisreglur í textílstofunni og verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og þau verkfæri sem þeir koma til með að nota. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér samvinnu við aðra, tillitssemi, hjálpsemi og polinmæði. Áhersla er lögð á að nemendur nái að ljúka verkefnum sínum.



Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Í textílmennt fer fram einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarnám. Hver og einn nemandi fær verkefni við hæfi og leiðsögn eftir þörfum. Einnig er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi frelsi í samræmi við þá tækni sem nemandinn tileinkar sér. Sem dæmi má nefna að sett var upp setning á vegg stofunnar sem prentuð var út úr vínyskeranum. Setningin hljóðar svo: *Spurðu tvo kennarann svo*. Ætlunin er að hvetja nemendur til samvinnu og þess að bæði leita sér aðstoðar hjá samnemundum sem og að hjálpa öðrum.



Upplýsinga-og tæknimennt og þróunarstarf í textílmennt

Nú hefur nýr og skemmtilegur möguleiki bæst í flóruna hjá nemendum í textílmennt. Þeim býðst að hanna ýmis konar merkingar á afurðir sem þeir búa til í textílmenntartímum. Keyptur var vínyskeri og hitapressa sem notuð eru til að koma merkingunum á verkefni. Nemendur leita eftir myndum og logo á netinu eða búa til eigin texta. Myndin er síðan unnin í forritinu Inkscape og prentuð út á fatafilmu í vínyskera. Þá er textinn, myndin eða logoið straujað með hitapressunni á afurðirnar sem nemendur hafa unnið í textílmennt s.s. buxur, poka, töskur, pennaveski o.fl. Nemendur í 7. bekk sauma buxur og nemendum í 6. og 7. bekk býðst einnig að búa til pennaveski, poka eða töskur. Ester Jónsdóttir kennir þessum árgöngum og heldur utan um verkefnið.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara eru tiltæk og nýtt í innlögnum og sem fyrirmyndir, ýmsar bækur og blöð. Vínyskeri og tölvur þar sem við á.

Mat á starfi vetrarins

Námsáætlanir í textíl stóðust nokkuð vel fyrri hluta skólaárs en vegna Covid-19 heimsfaraldurs varð rask á textílkennslunni og féll kennslan alveg niður frá 2.- 18. nóvember. Misstu því sumir hóparnir af smíðjunni af hluta til eða alveg. Reynt var að halda þeim verkefnum inni sem best tengjast hæfniviðmiðum og samræmdust fyrirmælum almannavarna um hreinlæti og samskipti.

Verkefni 7. bekkur

Lagt er upp í byrjun lotu að nemendur fái að velja sér verkefni, þar sem áhugi nemenda getur verið á mismunandi sviðum. Unnið er með þrónaverkefni, saumaverkefni og krosssaumsverkefni. Nemendur nýttu sér nýja tækni í Inkscape og vínyskerann til að skreyta vinnu sína. Nemendur vinna sjálfstætt með útfærslu og efnisveitur í samráði við kennara.

Verkefni 6. bekkur

Nemendur 6. bekkjar nýta sér fyrri þekkingu til að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Þeir eru hvattir til að nýta sér skapandi hugsun og útfæra í eigin verki auk þess sem flestir ná að tileinka sér aukna leikni í vélsaum. Ýmis skemmtileg verkefni hafa litið dagsins ljós, s.s. pennaveski, húfur, dúskadýr og sokkabréður. Þá eru margir iðnir við krosssaum og sauma gjarnan púða í kringum krosssauminn. Nemendur nýttu sér líka nýja vínyskerann til þess að skreyta verkefni sín.



Verkefni 5. bekkur

Nemendur byrja á að læra mynsturgerð með því að gera upphafsstafi sína á rúðustrikað blað og læra aðferðina, þegar henni er náð velja nemendur sér myndir úr bókum eða blöðum. Í vetur bauðst þeim að sauma út stjörnumerkin sín og völdu margir að gera það. Aðrir teiknuðu upp myndir eða nýttu sér aðrar útprentaðar myndir. Flestir saumuðu púða utan um myndina sína.

Verkefni 4. bekkur

Bangsi er saumaður úr flísefni og bangsaföt eru þrjónuð eftir uppskriftarblaði frá kennara. Í smíði smíða nemendur rúm fyrir bangsann og sauma rúmföt fyrir bangsann í textílmenn. Nemendur eru almennt mjög spenntir og metnaðarfullir yfir þessu verkefni. Þeir sem ekki treysta sér til að þrjóna föt, hanna og sníða þau úr efnisafgöngum. Útfærslurnar eru eins margvíslegar og ólíkar og nemendurnir sjálfir.

Verkefni 3. bekkur Í þriðja bekk læra nemendur vélsaum og að þrjóna. Saumaður er léreftspoki og hann skreyttur með stensli og málningu. Nemendur búa til snúru sem er fest á pokann. Nemendur læra grunnatriði í þrjóni. Að þessu sinni áttu nemendur og kennari notalega kakóstund saman þar sem ekki var unnt að bjóða forráðamönnum í kennslustund vegna Covid-19 veirufaraldsins.

2. bekkur

Í öðrum bekk fá nemendur mörg og fjölbreytt verkefni. Þau byrja á að hanna og búa til geimverur og fræðast um himingeiminn og reikstjörnurnar. Kennari les bókina um Regnbogafiskinn og ræðir boðskapinn. Nemendur klippa út fiska í filtefni og skreyta hann í kjölfarið. Svo æfa nemendurnir sig í þæfingu og búa til túlipana eða fígúrus úr þæfðum, marglitum bolta sem settur er á vafið prik.

Í byrjun ársins var farið í vettvangsferð í nærumhverfi skólans og tíndar greinar í köngulóarverkefni. Nemendur búa til köngulóarvefi og litlar köngulær sem sitja í þeim.



Verkefni 1. bekkur

Nemendur 1. bekkjar mæta einu sinni í viku í textílmennt, til móts við smíði. Í byrjun er stofan, efni og áhöld kynnt. Kennari les bók eftir Elsku Beskov um fötin hans Palla þar sem koma fyrir aðferðir og hugtök er tengjast textíl. Nemendur læra að vefa með nál og festa svo vefnaðinn á spjald og skreyta með tölum o.fl.

Ester Jónsdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

TÓNMENNT

Kennari: Unnur Þorgeirsdóttir

Helstu markmið

- Að nemendur tilleinki sér samvinnu og tillitsemi.
- Að nemendur byggi ofan á fyrri þekkingu og reynslu.
- Að nemendur upplifi fjölbreytileika tónlistar.
- Að nemendur taki þátt í tónlistarflutningi.

Uppbygging kennslunnar

Í 1. – 4. bekk hefjast kennslustundir á söng og hreyfingu. Verkefni tímans er síðan lagt inn og unnið. Verkefnin eru m.a. hljóðfæraleikur, hlustun og leikir. Áhersla er lögð á að allir taki þátt á sínum forsendum, unnið með samvinnu, þolinmæði og tillitssemi. Í 5. – 7. bekk er aukin áhersla á samvinnu. Unnið með hljóðfæri, leiklist, hljóðvinnsluforrit og hlustun.



Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Mikið er um samvinnunám í minni og stærri hópum. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik. Einstaklingsverkefni eru unnin, bæði skrifleg og verkleg. Skrifleg verkefni eru unnin þegar verið er að vinna með ákveðin þemu eins og tónskáldið Mozart eða hljóðfærabók. Þemaverkefni eru oft unnin í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna *geimurinn* í samvinnu við 3. bekk og *fjöllin* í 2. bekk. Kennt er í lotum í 7. bekk og koma nemendur í 1x80 mín í 6 vikur. Í lotunni er tekið fyrir þemaverkefnið Dægurtónlist í 7. bekk.

Námsefni/gögn

Námsefni í tónmennt er frá Menntamálastofnun, efni úr smíðju kennara, tónlist af netinu (youtube) og af diskum, spjaldtölvur (m.a. öppin *Garageband*, *Figure*, *Mussila* og *Kahoot*), myndbönd o.fl.

Námsmat

Námsmat í öllum bekkjum er sett fram í hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda í Mentor. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Markmið vetrarins eru kynnt nemendum sýnilega frá byrjun og minnt á þau reglulega. Vitnisburður er gefinn jafnt og þétt yfir árið í 1. – 6. bekk og er byggt á símati, verklegum og skriflegum prófum og verkefnum. Í 7. bekk er námsmat eftir hverja lotu.

Húsnæði – aðstaða

Tónmenntstofan í skólanum er stór og góð, gott pláss til fjölbreyttrar vinnu (hljóðfæraspil, leikir og hreyfing). Hljóðver er við hlið tónmenntastofunnar en það herbergi nýtist vel í hópavinnu, upptökur og einnig nýtir tónlistarskólinn herbergið. Hljóðvist í báðum rýmum er mjög góð. Galli er að ekki er hægt að opna milli tónmenntastofu og hljóðvers en gler var sett í hurðaropið.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk vel, allir árgangar voru jákvæðir og tóku virkan þátt í söng, hljóðfæraleik og leikjum. Samvinna milli bekkjarkennara og tónmenntakennara hefur aukist og sungin eru lög og samin tónverk sem tengjast þeim sem árgangurinn er að vinna að. Hljóðfærakostur er nokkuð góður. Þrátt fyrir allar sóttvarnir og samkomutakmarkanir gekk starfið vel enda var lagt upp úr því að öllum liði vel í tímunum. Regnboginn notaði tónmenntastofuna eftir að kennslu lauk í vetur. Það gekk vel að samnýta stofuna og umgengi var góð.



Skólakór

Sú nýbreytni var á starfi kórsins að lögð var meiri áhersla á leikrit. Um 20 nemendur úr 6. bekk sýndu leikrit í desember sem samið var af hópi nemenda úr 6. bekk. Sami hópur sýndi annað leikrit í byrjun júní. Hópur nemenda úr 3. bekk (um 20 nemendur) sýndi stutta útgáfu af Kardimommubænum í febrúar og hópur nemenda úr 4. bekk sýndi stutta útgáfu af Dýrunum í Hálsaskógi í byrjun júní. Áhugi nemenda á leiklist var mikill, æfingar gengu vel og sýningarnar vöktu mikla gleði áhorfenda.

Samsöngur – skemmtun á sal

Vikulega komu nemendur í 1. – 4. bekk saman á sal til að syngja. Reynt er að mæta áhuga nemenda og tengja sönglögin við bæði hefðir og dægurmenningu. Nemendur taka almennt vel undir í söng. Ekki var hægt að hafa skemmtanir á sal vegna Covid-19 og einnig varð að gera breytingar á fjölda nemanda sem mættu í samsöng vegna samkomutakmarkana. Engin skemmtun var hjá eldi nemendum skólans, 5. – 7. bekk vegna samkomutakmarkana.

Unnur Þorgeirsdóttir

ÍPRÓTTIR

Kennarar: Guðrún Arna Sigurðardóttir kenndi; 1., 4., 5., 6. og 7. bekk. Guðrún Jóhanna Þórðardóttir; 1., 2., 4., 5., 6. og 7. bekk, Stefán Þór Jónsson; 2., 3. og 6. bekk, Vilhelm Már Bjarnason; 1., 2., 3., 4. og 6. bekk.

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt, að allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf sína. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengisreglur í íþróttahúsi.

Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í íþróttahúsinu Mýrinni og úti í tvær vikur að vori. Öll íþróttakennsla féll niður 2. til 17. nóvember vegna Covid-19. Í stað hefðbundinnar íþróttakennslu var farið í gönguferðir með nemendur og gætt að sóttvörnum.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, með hring- og stöðvaþjálfun og sýnikennslu. Í vetur voru markmiðin skýr fyrir hverja kennslustund og koma þau fram á tímaseðlum. Nemendum var kynnt í byrjun til hvers var ætlast af þeim og hver verkefnin væru í tímunum.



Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu, t.d. mörk, dýnur, boltar, sippubönd, húllahringir, bretti og baunapokar.

Námsmat

Í 1.-7. bekk er námsmat sett fram í námsframvindu í *Mentor*; sipp, sex mínútna hlaup, tuttugu metra spretthlaup, langstökk án atrennu og boltakast. Í námsframvindu er einnig metin virkni í kennslustundum, hvort nemendur fari eftir fyrirmælum og fylgi leikreglum.

Íþróttakennarar í 6. bekk vilja mæla með því að ákveðnir nemendur fái að taka námsmatið í sér tíma, þar sem þeir eru ekki virkir með stórum hóp en taka betur þátt þegar fækkað hefur verið í hópnum.

Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer ýmist fram í hálfum eða öllum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfið nýtist vel en því miður veldur það truflun í sal FG og takmarkar það því notkun þess. Á vorin er útikennsla, þá er skólalóðin og nærumhverfi nýtt til kennslu.



Viðburðir

Föstudaginn 18. september tóku nemendur skólans þátt í Ólympíuhlaupi ÍSí. 512 nemendur fóru hlaupandi eða gangandi a.m.k. einn hring sem er 2,5 km. Nemendur hlupu samtals 1145 km, að meðaltali 2,24 km á nemanda. Með þátttöku í skólahlaupinu er leitast við að hvetja nemendur til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan.

Íþróttadagurinn var haldinn 8. júní. Nemendum var skipt í tólf hópa. Það voru sex stöðvar fyrir yngri nemendur og sex stöðvar fyrir eldri nemendur. Grillaðar pylsur voru í boði í hádegismat og ávaxtasafi. Dagskránni lauk síðan með samveru allra nemenda, starfsmanna og kennara á Stjörnuvellinum, þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk. Keppnisgreinar voru; reiptog, froskalappaboðhlaup og kók og kókosbollukappát. Nemendur sigruðu keppnina að þessu sinni með tveimur greinum á móti einni. Íþróttadagurinn heppnaðist vel en endurskoða þarf einstaka stöðvar fyrir næsta ár. Gaman væri að prófa þrautir sem kennarar framkvæmdu í vorferð sinni í Hveragerði. Aðrir viðburðir féllu niður vegna Covid-19.

Guðrún Arna Sigurðardóttir, Guðrún Jóhanna Þórðardóttir, Stefán Þór Jónsson og Vilhelm Már Bjarnason

SUND

Kennarar: Guðrún Arna Sigurðardóttir kenndi; 4. bekk, Guðrún Jóhanna Þórðardóttir; 1., 2., 4. og 5. bekk, Stefán Þór Jónsson: 4. bekk og Vilhelm Már Bjarnason; 3., 4., 6. og 7. bekk.

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar

1. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 1-13 manna, sem fengu 16 - 19 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur. Sund féll niður hjá hópi 5 vegna Covid-19.

2. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 11-12 manna, sem fengu 16-18 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur. Mest allt sund féll niður hjá hópi 5 vegna Covid-19.

3. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex hópa, 12-13 manna, sem fengu 16-18 skipti hver. Kennt var einu sinni í viku í 40 mínútur, eini sinni í 50 mínútur og einu sinni í 60 mínútur. Mest allt sund féll niður hjá hópi 5 vegna Covid-19.

4. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex hópa eftir bekkjum og kyni. Hver hópur mætti einu sinni í viku allan veturinn.

5. bekkur: Nemendum var skipt í sjö hópa, 10-12 manna, sem fengu 14-15 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku, tvisvar í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur. Hópar 5 og 6 misstu nokkra sundtíma vegna Covid-19.

6. bekkur: Nemendum var skipt í sjö 12-13 manna hópa, sem fengu 13-15 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur. Mest allt sund hjá hópi 6 féll niður vegna Covid-19.

7. bekkur: Nemendum var skipt í sjö hópa, 13-14 manna, sem fengu 9-10 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur. Mest allt sund hjá hópi 6 féll niður vegna Covid-19.

Sundkennsla féll niður í 30 daga vegna Covid-19. Skólinn bauð því upp á aukasund á þriðjudögum eftir skóla fyrir nemendur sem misst höfðu úr sundi vegna Covid-19 og höfðu ekki náð hæfniviðmiðum frá árinu áður. Boðið var upp á aukasund hjá eldri nemendum frá 9. febrúar til og með 9. mars en aukasundið hjá 2. og 3. bekk var frá 9. febrúar til og með 13. apríl. Öllum sem misstu af sundi í 1. bekk var boðið að koma. Fyrsti bekkur var frá 13. apríl til og með 1. júní í aukasundi.



Kennsluaðferðir

Kennsla fer fram í formi sýnikennslu og notast er við sýnileg markmið eða markmið útskýrð munnlega fyrir nemendum. Æfingar í leikjaformi, stöðvaþjálfun og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir. Kennarar notast við spjalddölu í kennslunni, bæði til að geta sýnt nemendum myndbönd og einnig til að nemendur fái tækifæri til að sjá sjálfan sig synda og átta sig betur á eigin getu.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í *Mentor*.

Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug, 10 x 16,7 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Hljóðnemi er í sundlaugarrýminu sem gott er að nota við kennsluna. Að mati kennara hentar laugin mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna. Búið er að skipta um loftræstikerfið í sundlauginni en langan tíma hefur tekið að ganga frá því og fá það til að virka eins og það á að gera. Það var ekki fyrr en um miðja vorönn sem hitinn og loftgæðin fóru að vera ásættanleg í sundlaugarrýminu. Lofthitinn getur að vísu verið heldur hár í rýminu þrátt fyrir nýtt loftræstikerfi.

Annað

Lotuskipting í sundi hefur reynst vel þar sem að nemendur fara ört í sund og eru þá fljótir að tileinka sér sundaðferðir sem kenndar eru. Yngstu nemendurnir sem eru vatnshræddir fá örari þjálfun og eru því fljótir að aðlagast vatninu. Það getur þó verið hætt á því að það líði of langur tími þar til nemendur fari aftur í sund þegar lotunni líkur. Til að koma í veg fyrir það væri gott að hafa í huga hvaða börn voru í fyrri lotum og hver í seinni þannig að þau væru á svipuðum tíma í sundi næsta árið.

Það gekk vel í 4. bekk þar sem nemendur mættu 1x í viku allan veturinn. Það er gott fyrirkomulag að fá fjórða bekkinn einu sinni í viku.

Markmið með hverjum tíma eða einstaka verkefnum voru ýmist skrifuð upp á töflu í kennslurýminu og/eða höfð munnleg. Það gafst einkar vel að skrifa upp á töflu bæði það sem nemendur voru að fara að gera í tímunum og eins markmið með hverju verkefni. Kennarar hafa fulla trú á að það skili árangri að hafa sýnileg markmið og að nemendur fái bæði munnleg og sjónræn fyrirmæli.

Guðrún Arna Sigurðardóttir, Guðrún Jóhanna Þórðardóttir, Stefán Þór Jónsson og

Vilhelm Már Bjarnason sundkennarar

SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI

Náms- og starfsráðgjafi: Helga Rúna Þorsteinsdóttir

Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf í málum sem tengjast námi þeirra, framtíðaráhorfum, samskiptum og líðan í skólanum. Öllum nemendum skólans stendur til boða að hitta námsráðgjafa.

Námsráðgjafi sinnir einstaklingsráðgjöf, námstækniráðgjöf og ráðgjöf vegna prófaundirbúnings. Þá sinnir námsráðgjafi fræðslu um einelti, kynferðislegt ofbeldi, sjálfsmynd, sjálfstraust og lausnir við samskiptavanda. Góð samvinna var við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildastjóra, stjórnendur og aðra starfsmenn.

Fjölmargir nemendur leituðu til námsráðgjafa í vetur. Nemendur komu ýmist í einstaklingsráðgjöf eða hópráðgjöf en einnig tók námsráðgjafi þátt í fræðslu með kennurum. Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar, s.s. ráðgjöf vegna náms, félagslegrar stöðu, tilfinninga, sjálfsmyndar, hegðunar, prófkviða, líðan í skóla, erfiðleikar í samskiptum og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu ýmist eftir aðstoð námsráðgjafa með munnlegum eða skriflegum hætti svo sem með tölvupósti eða á sérstöku eyðublaði.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni þegar nemendur hafa verið í skólanum í nokkrar vikur. Ef tilefni hefur þótt til þá hefur námsráðgjafi hitt nemendur oftari. Þetta ferli hefur gefist vel.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar, úrvinnslu, les úr niðurstöðum og skilar stutttri greinargerð um stöðu mála í hverjum bekk, ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir, meðal annars með félagsfærnivinnu.
- Námsráðgjafi situr í áfallaráði Hofstaðaskóla ásamt stjórnendum skólans, ritara og hjúkrunarfræðingi.
- Námsráðgjafi situr fundi nemendaverndarráðs, skv. Lögum.
- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildastjórar. Námsráðgjafi stýrir eineltisteyminu og er virkur í vinnslu eineltismála. Hann fylgir einnig eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Ef grunur um eineltismál kemur upp hefur umsjónarkennari, stjórnandi eða foreldri samband við aðila úr eineltisteyminu. Eineltismál koma einnig beint inn á borð stjórnenda og eineltisteymis. Tilkynningar um einelti skulu vera skriflegar á þar til gerðu eyðublaði sem m.a. er hægt að nálgast á heimasíðu skólans; *Tilkynning – grunur um einelti*. Eineltisteymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.

- Námsráðgjafi tók þátt í skipulagningu og vinnu við *Forvarnarviku Garðabæjar* sem haldin var 7. – 14. október 2020. Þema vikunnar var „Að standa með sjálfum sér“. Í bekkjum fór fram umræða um málefnið, meðal annars í tengslum við einelti.
- Námsráðgjafi tók þátt í að fá fræðslu frá *Blátt áfram* um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 2. bekk. Sýnt var brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* og í kjölfarið voru umræður og eftirfylgni ef ástæða þótti til.
- Námsráðgjafi sá um fræðslu fyrir nemendur í 3. bekk um ofbeldi gagnvart börnum um leið og þau horfðu á myndbandið *Leyndarmálið* og umræður fóru fram í kjölfarið.
- Nemendur í 7. bekk fengu fræðslu um sjálfsmynd og samskipti þegar Andrea Marel og Kári Sigurðsson komu frá Fokk me – fokk you.
- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast nokkrum sinnum yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum en sökum covid þá voru þessir samráðsfundir færri og var samstarf meira rafrænt en áður.
- Hofsstaðaskóli er þátttakandi í GERT verkefninu sem er verkefni sem gengur út á að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni.
- Í vetur bauð námsráðgjafi upp á sjálfsstyrkingarnámskeið sem kallast *Fjársjóðsleit*in fyrir nemendur í 4. bekk og komu allir nemendur í þeim árgangi í þrjú til fjögur skipti og unnu verkefni sem miðuðu að því að efla sjálfsmynd og líðan nemenda. Þetta verkefni gekk mjög vel, nemendur voru ánægðir með þetta sem og foreldrar. Á næsta ári verður stefnt að því að bjóða aftur upp á þetta námskeið fyrir þennan aldur.
- Námsráðgjafi kenndi í tveimur smiðjum í vetur. Í 5. bekk var viðfangsefnið námstækni og markmiðið að kynna fyrir nemendum þætti sem stuðla að árangursríkum námsferli og gekk sú smiðja ágætlega, nemendur voru í það yngsta í þessa fræðslu þar sem þau hafa lítinn áhuga á námstækni á þessum aldri. Mikilvægt er að í 5. bekk sé frekar stutt kynning á námstækni heldur en fimm til sex kennslustundir um efnið. Hin smiðjan var í 7. bekk þar sem viðfangsefnið var náms- og starfsfræðsla. Sú smiðja var vel heppnuð og var markmiðið að kynna fyrir nemendum vinnumarkaðinn, ólík störf og áhugasvið. Nemendur voru áhugasamir um efnistöð og unnu verkefni af áhuga.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og aðra hefur falist í fundum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað nemenda- og foreldrasamtalsdaga til að hitta námsráðgjafa og fengið einkafundi með námsráðgjafa ef óskað er. Í ljósi covid var samvinna við foreldra á skólaárinu meira í gegnum síma eða netfundi heldur en áður en gekk samt sem áður mjög vel.

Eineltismál

Eineltisteymi Hofsstaðaskóla skipa námsráðgjafi og deildastjórar yngra og eldra stigs. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ* sem er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar þar sem námsráðgjafar og deildastjórar grunnskólanna hafa samvinnu. Það er skýr stefna í grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum og markmið verkefnisins er að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og

bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild. Sjá nánar á www.gardabaer.is og www.hofsstadaskoli.is

Þegar grunur um eineltismál kemur upp hefur sá sem fær tilkynningu um grun um einelti samband við aðila úr eineltisteymi skólans og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Markviss vinna fer í gang þegar grunur um eineltismál koma upp og lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í skólabyrjun kynntu kennarar eineltisáætlun skólans fyrir nemendum og foreldrum og hafa síðan haldið umræðunni gangandi í bekkjum, meðal annars með umræðu um einelti. Nemendur, foreldrar og starfsmenn eru vakandi fyrir öllu sem tengist samskiptum og hegðun gagnvart skólafélögunum og vinna að því að skapa jákvæð samskipti.

Þegar grunur leikur á samskiptavanda eða einelti, er brugðist við með ýmsum úrræðum. Þar má nefna fræðslu og þjálfun í samskiptum, vinahópa og félagsfærnihópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, viðtölum við nemendur auk þess sem samstarf með foreldrum skiptir miklu máli. Með þessum úrræðum er oft hægt að leysa úr málum á farsælan hátt.

Gott samstarf hefur verið við skólaliða og annað starfsfólk skólans. Þeir upplýstir um nemendur sem þörf er á að fylgjast náið með, annað hvort vegna gruns um að þeir hafi orðið fyrir einelti eða ef þeir eru grunaðir um að vera gerendur í eineltismáli.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Öll mál sem koma upp eru rannsökuð og skráð. Námsráðgjafi hefur yfirumsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um er að ræða samskiptavanda, grun um einelti eða sannanlegt einelti.

Á skólaárinu barst engin formleg tilkynning um grun um einelti en rétt er að taka það fram að í nokkrum tilfellum var haft samband við skólann vegna samskiptavanda og unnið með málið strax þannig að ekki var lögð inn formleg tilkynning um einelti.

Þegar kemur að því að vinna með samskiptavanda og einelti er forvarnarvinna árangursrík og því nauðsynlegt að halda bekkjarfundi reglulega, námsráðgjafi hefur hvatt kennara til að vera duglega að halda bekkjarfundi og boðist til að aðstoða við þá. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg því með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda.

Helga Rúna Þorsteinsdóttir

4. FRÍSTUNDAHEIMILI

Starfsemi frístundaheimilisins Regnbogans er staðsett í Hofsstaðaskóla. Meginhlutverk Regnbogans er að veita sex til níu ára börnum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Það felur í sér að veita börnunum tækifæri til afþreyingar í frítíma í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.



Starfsmannamál

Í Regnboganum störfuðu 27 starfsmenn þegar mest var og voru þeir flestir í hlutastarfi nema umsjónarmaður og aðstoðarumsjónarmaður. Vala Ósk umsjónarmaður var í fæðingarorlofi meirihluta skólaárs og sinnti Breki Dagsson starfinu í fjarveru hennar. Nokkrir starfsmenn störfuðu bæði í skólanum og í frístundaheimilinu og voru í 100% starfi. Stöðugildin voru flest um 25-35% en þó var einn starfsmaður í 50% starfi og fjórir starfsmenn voru skráðir sem tímavinnustarfsmenn þar sem stöðugildið var undir 20%.

Frístundaleiðbeinandi/dagsskipulag

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því að skóla lýkur og þar til þeir fara heim, í íþróttir eða annað tómstundastarf. Leiðbeinendur í frístundaheimilum sjá til þess að börnin hafi fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni, áhersla er á að koma fram við þau af umhyggju og taka tillit til margbreytileika í barnahópnum.

Álagstími í Regnboganum er fyrst og fremst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er mestur og mörg börn að fara í aðrar tómstundir og í frístundabílinn. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur í síðdegishressingu í matsal Hofsstaðaskóla. Að henni lokinni aðstoða leiðbeinendur börnin við að velja sér það svæði/klúbb sem þau vilja fara í hverju sinni. Starfsmenn fara á þau svæði sem í boði eru fyrir börnin til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem börnunum fækkar minnkar starfsmannþörfin og fara því sumir starfsmenn fyrr heim en aðrir. Tveir til þrír starfsmenn, fer eftir fjölda barna, bera ábyrgð á að loka frístundaheimilinu.

Umsjónarmenn eru einstaklega ánægðir með starfsmannahópinn og starfsandann í vetur. Þrátt fyrir stóran barnahóp gekk dagsskipulag og framkvæmd vonum fram og hópurinn vann vel saman. Það reyndi einkar mikið á samvinnu og skipulag vegna þeirra áhrifa sem covid-19 hafði á starfið. Starfsfólk frístundaheimilisins var fljótt að aðlagast breyttu umhverfi og nýjum áherslum og gekk frístundastarfið vonum fram.

Umsjónarmaður/aðstoðarumsjónarmaður

Umsjónarmaður Regnbogans er Vala Ósk en hún hefur stýrt Regnboganum undanfarin sjö ár. Aðstoðarumsjónarmaður er Breki Dagsson en Emma Ljósbrá sinnti starfi hans frá október og fram í maí þegar að Breki var starfandi umsjónarmaður vegna fæðingarorlofs Völu Óskar. Aðstoðarumsjónarmaður er nánasti samstarfsmaður umsjónarmanns og vinnur að mótun faglegs starfs og starfsáætlun í samráði við skólastjórnendur og umsjónarmann. Aðstoðarumsjónarmaður ber sameiginlega ábyrgð með umsjónarmanni á stjórnun og skipulagi allrar daglegrar starfsemi frístundaheimilisins.

Umsjónarmenn frístundaheimilis bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd tómsundastarfs. Starfssvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Regnbogans, allt frá því að sjá um skráningu nemanda inn og út, öll samskipti við bæjarskrifstofur vegna dvalargjalds og að samræma starfsemi frístundaheimila í Garðabæ. Samskipti við foreldra, umsjónarkennara og stjórnendur Hofstaðaskóla er stór hluti af starfi umsjónarmanns, sem og samskipti við fulltrúa tómsundafélaganna í Garðabæ. Hann sér um eftirfylgni með agamálum, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samstarfi við starfsmenn Regnbogans.



Regnboginn skólaárið 2020-2021

Um 200 börn voru skráð í Regnbogann í upphafi skólaárs 2020-2021. Mest voru um 160 börn á dag milli kl. 14:00 og 15:30 en alla jafna dró úr fjölda barna eftir klukkan 16:00 á daginn. Meirihluti barnanna var í öðrum tómsundum og var það í verkahring umsjónarmanna, í samstarfi við foreldra, að halda utan um æfingatíma barnanna. Umsjónarmenn og leiðbeinendur sáu svo til þess að börnin væru komin á æfingar á réttum tíma. Börnin voru dugleg að nýta sér þjónustu frístundabílsins en sem dæmi má nefna að á mánudögum fóru um 60 börn í frístundabílinn kl. 14:45. Daglega voru um 30-60 börn að

ferðast með frístundabílnum á æfingar. Einnig voru um 50 börn á æfingum í Mýrinni. Æfingarnar eru á mismunandi tímum og allur gangur var á því hvenær börnin eru að fara úr frístundaheimilinu. Umsjónarmaður var með aðgang að *Facebook* hóp handboltans og á póstlista sundfélagsins og fótboltafélagsins. Það reyndist oft á tíðum erfiðara að fá upplýsingar frá öðrum tómstundum og gat það valdið óþægindum bæði fyrir starfsfólk og börn. Mikilvægt er að samstarf milli tómstundafélaganna, frístundaheimilanna og foreldra sé gott og stöðugt svo hægt sé að undirbúa og skipuleggja daginn með tilliti til breytinga sem eiga sér stað hverju sinni.

3.-4. bekkur voru með aðstöðu í Tónmenntastofunni og leið bæði börnum og leiðbeinendum vel þar. Í upphafi skólaárs var farið af stað með Barnalýðræði fyrir eldri krakkana sem sló rækilega í gegn. Settur var upp hugmyndakassi þar sem börnunum stóð til boða að setja inn hugmyndir um starfið, hugmyndir að efniviði og hugmyndir að svokölluðu föstudagsfjöri. Börnin fengu svo að kjósa um þær hugmyndir sem þau vildu að væru settar í framkvæmd. Því miður setti Covid-19 sitt mark á starfið í 3.-4. bekk og fækkaði all verulega í hópnum þegar að samkomutakmarkanir voru sem mestar.

Regnboginn er opinn á dögum sem ekki er skóli, s.s. í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi, á skipulagsdögum og þegar nemenda- og foreldraviðtöl eiga sér stað. Þá er opið frá kl. 8:00 til 16:30 og þurfa foreldrar að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Í ár var nokkuð dræm skráning og má draga þá ályktun að covid-19 hafi haft áhrif á skráningu þar sem að foreldrar voru mikið að vinna heima og því mögulegt fyrir börnin að vera heima. Á heilum dögum er reynt að bregða út af vananum og var dagskrá Regnbogans með öðru móti en vanalega. Sem dæmi má nefna að í vetur var matsalnum breytt í leikjasal, börnin bökuðu pítsur ásamt því að farið var á marga nærliggjandi leikvelli sem og í gönguferðir um nágrennið.

Húsnæði

Regnboginn er staðsettur í kjallara Hofsstaðaskóla. Aðstaðan er ágæt en nauðsynlegt er að dreifa hópnum á fleiri rými. Líkt og áður sagði voru 3.-4. bekkur með aðstöðu í tónmenntastofunni og minni rými víðs vegar um skólann einnig nýtt fyrir klúbbstarf. Starfsemin hafði afnot af íþróttahúsinu þetta skólaárið en því miður var það á tímum sem ekki var hægt að nýta vegna annarra tómstunda, síðdegishressingar og stundataflna. Útisvæði Hofsstaðaskóla er til fyrirmyndar og er það vel nýtt á tímum Regnbogans.

Klúbbar

Ýmsir klúbbar voru í boði þetta skólaárið en meðal þeirra má nefna dansklúbb, armbandagerð, hundaklúbb, keiluklúbb, bókasafn, handavinnu og leirklúbb. Klúbbarnir voru allir vel sóttir en hámarksfjöldi í hverjum klúbb var misjafn. Börnunum þótti spennandi að fá nýja klúbba og voru sjálf dugleg að koma með hugmyndir að klúbbum. Reynt var að að koma til móts við þær hugmyndir eftir bestu getu.



Samstarf og samskipti

Regnboginn gott samstarfi við kennara og stjórnendur í Hofsstaðaskóla. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum m.a. í gegnum *Mentor*. Auðvelt er að bera saman bækur við stjórnendur og kennara um einstaka mál sem koma upp. Samskipti við foreldra í Regnboganum er stór hluti af starfi umsjónarmanna. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur þáttur af starfinu hjá umsjónarmönnum. Ekki er ákveðinn fundardagur í Regnboganum en foreldrar eru ávallt velkomnir að koma við eða panta tíma með forstöðumönnum vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum símann eða tölvupóst. Símtöl og tölvupóstar eru fjölmargir á hverjum degi og fer mikill tími umsjónarmanna í að sinna hvoru tveggja. Umsjónarmenn eru ánægðir með samstarf og samskipti við foreldra á skólaárinu og voru foreldrar virkir í að hrósa starfinu og koma með ábendingar um hvað mætti betur fara.

Frístundabíllinn

Fjölmargir nemendur fara úr Regnboganum í hinar ýmsu tómstundir dag hvern, s.s. fótbolta, fimleika, dans, körfubolta, sund og svo í Tónlistarskóla Garðabæjar svo fátt eitt sé nefnt. Gott skipulag og góð samskipti við bílstjóra frístundabílsins, foreldra og íþróttafélög er lykillinn að því að þetta gangi vel fyrir sig og hefur vel gengið með þennan þátt í vetur. Frístundabíllinn felur í sér mikil þægindi fyrir foreldra enda nýta foreldrar þessa þjónustu mikið. Meirihluti barnanna í Regnboganum ferðaðist með frístundabílnum í hverri viku. Starfsmaður Regnbogans fylgdi börnunum yfir að stoppistöðinni og beið með þeim þar til öll börn voru komin um borð. Með þessu var hægt að veita aukið eftirlit þann tíma sem börnin voru úti að bíða eftir bílnum.

Covid-19

Heimsfaraldurinn Covid-19 setti mark sitt á frístundaheimilið. Þegar hvað mestu samkomu takmarkanir voru í gildi var starfsemi Regnbogans á þremur svæðum og í sjö skólastofum. Allir nemendur voru í sínum stofum frá því að skóladagur hófst og þar til Regnboginn lokaði milli 16:30 og 17:00 alla daga. Hópar máttu ekki blandast í útiveru né matsal og því þurfti mikið skipulag til þess að láta starfið ganga upp. Regnboginn opnaði einnig fyrr á þessum tíma eða klukkan 12:30. Starfið varð ansi einhæft en starfsfólk gerði hvað það gat til þess að halda starfinu áhugaverðu og fjölbreyttu fyrir börnin. Allar tómstundir féllu niður hjá börnunum á tímabilinu 6. október til 17. nóvember en eftir þann dag hófust æfingar að nýju og máttu börnin blandast í útiveru. Annað skipulag hélt sér til 1. mars þegar örlítið var létt á takmörkunum en það varði þó stutt. Þann 24. mars var öllum skólum og frístundaheimilum landsins lokað fram nokkuð leið á ástandinu var brugðið var á það ráð, frá því eftir páska að færa 1.-2.

bekk niður í Regnboga en svæðinu var

skipt niður og öllum reglum framfylgt. 3.-4. bekkur var saman í tónmenntastofunni. Bekkirnir höfðu allir sér inngang til þess að fyrirbyggja blöndun milli hópa. Þetta skipulag var í gildi til 11. maí en frá þeim degi og allt til skólaslita þann 9. júní var Regnboginn með hefðbundnu sniði, öllum til mikillar gleði.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Tölvustofa					
13:30 – 14:30	2.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 2	3.bekkur Hólf 1	3.bekkur Hólf 2	3.bekkur Hólf 1
14:45 – 15:45	3.bekkur Hólf 1	3.bekkur Hólf 2	2.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 2	3.bekkur Hólf 2
Tónmenntastofa					
13:30 – 15:00	1.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 2	2.bekkur Hólf 2
15:00 – 16:30	1.bekkur Hólf 1	3.bekkur Hólf 1	3.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 2	2.bekkur Hólf 2
Regnboginn					
13:30 – 15:00	1.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 2
15:00 – 16:30	2.bekkur Hólf 1	1.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 1	1.bekkur Hólf 1	1.bekkur Hólf 1
Matsalur					
13:30 – 15:00	2.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 1	1.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 1
15:00 – 16:30	1.bekkur Hólf 2	2.bekkur Hólf 2	1.bekkur Hólf 2	2.bekkur Hólf 1	2.bekkur Hólf 1
4 . b e k k u r					
1-2 einstaklingar – geta alltaf byrjað daginn á tölvum, hafa aðgang að iPad ofl. Skoðist bara dag frá degi hvað planið er.					

Tillögur að úrbótum

Það sem liggur helst fyrir núna eftir þetta skólaár er að setja foreldrum skýrari ramma varðandi tímaskráningu barna sinna og að þeir tilkynni allar breytingar tímanlega til forstöðumanns. Umsjónarmaður leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa skipulagsdaga í frístundaheimilum bæjarins. Hægt væri að nýta skipulagsdaga í fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk frístundaheimilanna, til að mynda skyndihjálparnámskeið, fræðslu um ADHD og kvíða hjá börnum svo eitthvað sé nefnt. Lögð er áhersla á að fræða foreldra um starfið í frístundaheimilinu og óformlegt nám sem þar fer fram en með því er hægt að uppræta gömul viðhorf um að frístundaheimili séu einungis „gæsla“ fyrir börn. Innan veggja frístundaheimila fer fram óformlegt nám, þjálfun í vináttufærni og samskiptum, uppbygging sjálfsmýndar og sjálfstæðis svo fátt eitt sé nefnt. Frístundaheimili eru

mikilvægur þáttur í uppeldi barna sem vill oft gleymast í umræðunni um skóla og tómstundir.

Lokaorð

Framundan er skipulag fyrir næsta skólaár. Foreldrar og börn hafa komið hugmyndum til forstöðumanna og verður nú hafist handa við að koma þeim hugmyndum í verk. Í haust verður skráningarkerfið *Vala Frístund* tekið í notkun og er það von umsjónarmanna að kerfið auðveldi skráningar og utanumhald í starfinu.

Líkt og áður verður lögð áhersla á að nýta öll tiltæk rými vel til þess að minnka hávaða og gera börnunum kleift að njóta sín í rólegu umhverfi. Til þess að þetta takist er nauðsynlegt að nýta öll litlu rýmin sem skólinn býður upp á og hafa hámarksfjölda í hverjum klúbbi.

Líkt og undanfarin ár verður Sumaropnun Regnbogans í boði fyrir börn sem hefja nám í 1. bekk dagana fyrir skólasetningu í ágúst. Með þessu er leitast við að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla og er það von forstöðumanns að skipulagið dragi úr kvíða og óöryggi hjá tilvonandi grunnskólabörnum

Skólaárið var með sérstöku móti og fullt af nýjum áskorunum og aðlögunum. Bæði börn og fullorðnir sýndu hversu auðvelt er að aðlagast nýjum aðstæðum þegar að jákvæðnin og vilji er fyrir hendi. Starfið í frístundaheimilinu var töluvert frábrugðið því sem vanalegt er og börnin voru í minni hópum sem máttu ekki blandast. Þrátt fyrir þetta undu sér allir vel og kynntust á nýjan hátt. Að því sögðu var þó mikil ánægja hjá börnum og starfsfólki þegar að starfið fór aftur í fyrra horf í maí.

Vala Ósk Ásbjörnsdóttir og Breki Dagsson